

# Tungutak 1: Kennarahandbók

## 1. Allrahanda

### 1.1 Dagbók

Lagt er til að kennarinn flytji innblásinn fyrirlestur um gildi dagbókarinnar. Dagbók er annað en spjall á feisbók. Við erum ein með dagbókina. Við eigum með henni rólega stund, t.d. rétt fyrir svefninn, og látum hugann reika um eitthvað sem leitar á hugann. (Af þessari ástæðu er e.t.v. hæpið að kennari fari fram á að sjá dagbókina, sjá hér á eftir.)

Við orðum heila hugsun, heilar málsgreinar, í dagbókinni, ólíkt skeytastílnum í vefumræðunni.

Sjálfsagt er að benda á að minnið er ótraust. Á líðandi stund höldum við að við getum munað t.d. skemmtilegar athugasemdir barna – en svo gleymist allt – nema það sé skráð. Ef við skrifum á laus blöð tínast þau. Og ef við skrifum rafrænt er hætt við að textinn glatist innan tiltekins tíma. Þess vegna er best að skrifa í bók með góðum penna (þá þjálfum við jafnframt rithöndina).

Dagbókin er besta æfing í ritun sem hugsast getur. Dagbókin skerpir líka athyglisgáfuna. Við förum að veita eftirtekt því sem við höfðum ekki tekið eftir. Og við getum rifjað upp áður en gleymskan sigrar. Hvað var merkilegast við daginn í dag? Gerði ég góðverk? Kom ég illa fram við einhvern? Hitti ég spennandi fólk, t.d. gamlan mann o.s.frv.

Ef kennarinn skrifar ekki dagbók skal hann hér með hvattur til að vera með! Ef kennarinn ræðir persónulegan ávinning af að halda dagbók þá hefur það án efa jákvæð áhrif.

Lagt er til að farið sé með um 15 mínútur í umræðu um dagbók og síðan skrifi nemandinn hugleiðingar sínar um dagbókina. Þær þyrftu að vera um 25 línur.

Spurning er hvernig það sé í framkvæmd að kennari fylgist með dagbókarskrifum. Ef textinn er rafrænn getur nemandi sent sýnishorn í tölvupósti. Ef skrifað er í dagbók má athuga hvort nemandi komi með bókina í skólann; það kann þó að orka tvímælis (því þetta eru oft mjög persónuleg skrif).

Kennarinn les ekki hugleiðingar nemandans frá orði til orðs.

### 1.2 Stafrófsröð

Þó að stafrófsröðin hafi verið mikilvægari þegar alltaf þurfti að fletta upp í símaskránni, þá er ennþá gott að vera öruggur í þessu atriði. Enn eru hvers kyns orðabækur notaðar, jafnvel

daglega. Minna má á að nú er alltaf gerður greinamunur á sérhljóðunum a og á; i og í o.s.frv. og þá er granni sérhljóðinn á undan: a, á, e, é, i, í, o, ó, u, ú o.s.frv.

Hvað ætli margir kunni vísuna „A, b, c, d, e, f, g“ o.s.frv.?

Kvæðið **Hnik** eftir Þórarin Eldjárn er um mann sem hefur vankast (kannski orðið fyrir höfuðhöggi). Það gæti nýst hér til skemmtunar. Þá mætti t.d. biðja nemendur að raða tvenndarorðunum í stafrófsröð.

Vaknaður vankaður  
háka orðin hláka  
tjáning játning  
útkall tókall  
og jafnvel þetta handklæði kaldhæðni.

(Úr bókinni **Hættir og mörk** 2005)

Kvæði Þórarins mætti svo ræða aðeins nánar og benda t.d. á að stafavíxl geta valdið miklum misskilningi: *orð, roð, Magni, Mangi* o.s.frv.

Minna má á vísu Þórarins Eldjárn (úr kvæðinu Maður og maur) í þessu sambandi:

Þó sumir menn séu lengri en ljósastaur  
er ljóst eins og þið getið alveg séð  
hve auðveldlega MAÐUR verður MAUR  
munurinn er bara þetta Ð.

### 1.3 Atkvæði

Kannski er auðveldasta leiðin til að finna atkvæðafjöldann að *slá taktinn*: hvert atkvæði (og þar með sérhljóð) fær eitt högg. **Yf-ir kald-an eyð-i-sand** o.s.frv.

Ræða mætti skiptingu milli lína í sambandi við atkvæðin. Ef orð er ósamsett lendir sérhljóðið í nýju línunni (yf-ir). Ekki skal færa einn sérhljóða milli lína (eyð-i), sjá 1.8.

### 1.4 Samhljóðar og sérhljóðar

(Í beinu framhaldi af 1.3) Gamla reglan segir okkur að sérhljóðin geti sagt sig sjálf: a er bara a; u er bara u. En samhljóðar geta þetta ekki: b = bé, h er há o.s.frv.

Þetta býður upp á leiki eða orðagátur: s = hestur af því að **ess** merkir sama og hestur. Rifjum upp vísuna:

N vil ég kaupa af þér H,  
S líka er vakurt C,  
Q vel þrifna og þar með Á,  
Þ í hringju látna í T.

Með þessu læra börnin m.a. að **há** getur þýtt a) hrosshúð b) hey af öðrum slætti; en **þorn** merkir hér stand í hringju eða sylgju til að festa í henni ólarenda. Þorn er í hverju belti. Aukaspurning fyrir lengra komna: Hvar eru ljóðstafirirnir í fyrripartinum? (Svar: e í N, a í af og e í S!)

Það er semsagt afar dýrmætt að þekkja mun á samhljóðum og sérhljóðum. Hér mætti spyrja nemendur sem allir hafa áhuga á ensku: Hvers vegna er ekki sagt *an uniform* alveg eins og *an apple*? **Svar:** Af því að *uniform* byrjar á samhljóða í framburðinum: *júníform*.

Aukaspurning: Hvers vegna er ekki sagt *a hour* alveg eins og *a horse*? **Svar:** Af því að *hour* byrjar á sérhljóða í framburði: *áur*: an hour.

## 1.5 Ljóðstafir og rím

(Í beinu framhaldi af 1.4) Hér þarf að hamra á ljóðstöfunum. Þetta er kannski síðasta tækifærið til að kenna nemandanum þetta sérkenni íslenskrar ljóðahefðar. Í rauninni er málið afar einfalt: sérhljóðar stuðla saman (t.d. u – o – ei). Samhljóðar stuðla við sama samhljóð (t.d. p – p). **St** getur reyndar ekki stuðlað við annað en **st**; **sp** stuðlar einungis við **sp**; og **sk** stuðlar aðeins við **sk** (*gnýstuðlun*).

Og svo er eitt mikilvægt atriði til viðbótar: í venjulegri ferskeytlu verður að vera ljóðstafur (stuðull) í *þriðja áhersluatkvæði* (þriðju *kveðu*) í fyrri braglínunni. Hér þarf að slá taktinn: Nú er úti **veður vott**. Hinn stuðullinn má vera hvar sem er í línunni (svo framarlega sem um áhersluatkvæði sé að ræða). Höfuðstafurinn þarf svo að vera í fyrsta áhersluatkvæði í seinni línunni:

Nú er úti **veður vott**  
**veður** allt að klessu.

Mínumst þess að stuðlun birtist ekki bara í kveðskap og málsháttum. Stuðlun er t.d. mjög algeng í þjóðsögum, einkum í tilsvörum: **B**aulaðu nú, **B**úkollamín“/ Nú er ég svo **g**amall sem á **g**rönum má sjá, **átján** barna faðir í **á**lfheimum. Látum nemendur rifja upp nokkur dæmi um stuðlun í algengum orðasambönum og orðatiltækjum: syngjandi sæll og glaður/ með skít og skömm/ Pétur og Páll/ heill og hamingja/ úti og inni o.s.frv.

## 1.6 Orðaleikir / Orðgreining

Gefum þessum kafla góðan tíma. Fyrsti liðurinn tengist flokkun orða: hægt er að flokka á svo margan hátt; vísbendingarnar í upphafi (t.d. um atkvæðafjölda) eru því nauðsynlegar.

Lagt er til að kennari byrji kennslustundina með því að skrifa á töfluna: „Íslenskan er ííííí“. Kanna nemendur kannski þennan orðaleik? Svo má fá bekkinn til að ræða fullyrðinguna. Íslenskan er t.d. „mjúk og rík“, hún „veitir yndi“ (sbr. kvæði Jónasar Hallgrímssonar, *Ásta*: „Móðurmálið mitt góða, hið mjúka og ríka,/ orð áttu enn eins og forðum/ mér yndið að veita“).

Þegar búið er að vinna verkefnið í þessum kafla þyrfti að fá nemendur til að ræða fleiri atriði sem tengjast efninu. Þekkjum við nýleg dæmi um það hvernig enskan læðist inn í íslenskuna? Getum við búið til fleiri dæmi um beina þýðingu á íslenskum örnefnum: Sheep-river-hook (Sauðárkrókur) o.s.frv.

Í sambandi við vestur-íslenskuna mætti taka dæmi eins og: „hann er að sjúga merina“ = hann er að járna merina (járna=shoe).

Í sambandi við *Cliff* Richard má minna á að nafnið Pétur (sem Jesús gaf Sál) merkir klettur (cliff).

Hér mætti líka ræða mismæli sem geta komið skemmtilega út: *Úlfar á Ingveldarstöðum* verður *Ingvar á Úlfaldastöðum/ Greenland's icy mountains* verður *Iceland's greasy mountains/ búfræðingur* verður *fræbúðingur* o.s.frv.

## 1.7 Fallorð

Hér eru rifjuð upp algengustu hugtök sem tengjast fallorðum. Það má líta á það eins og hugarreikningsdæmi þegar beðið er um tiltekið nafnorð í tilteknu falli í eintölu eða fleirtölu, með eða án greinis. Á þennan hátt festist þetta í minni. Þessi aðferð er líka miklu skemmtilegri en venjuleg eyðufylling.

Kennari spyr bekkinn: Hvernig er orðið kýr í ef.et.m.gr? (kýrinnar).

Minumst þess að öll umræða um móðurmálið verður mun einfaldari og markvissari ef við beitum hugtökum. Setjum t.d. orðið *slána* á töfluna og segjum: Myndið málsgrein þar sem þetta orð stendur (óbreytt) í a) þf.et.m.gr. b) þf.et. án gr. (Svar: a) hún stökk yfir slána; b) Ég sá einhvern slána á rölti í fjörinni). Í framhaldinu mætti spyrja: hvernig eru þessi orð í nf.et. (hver er m.ö.o. uppflattimynd orðanna). (Svar: a) slá; b) sláni).

## 1.8 Orðum skipt milli lína

(Í beinu framhaldi af 1.3) Hér mætti byrja á að segja að ekki sé skipt á undan stöku (sér)hljóði í enda orða. Annars eru reglurnar afar einfaldar. Fegurðarsjónarmið og skýrleikasjónarmið ráða svo greinilega í orðum eins og glugga-tjöld (ekki glugg-atjöld).

Ístruflanir voru algengar í Búrfellsvirkjun fyrstu árin. Fréttamaður las orðið svona: ístru-flanir. Sambærilegur vandi kom upp þegar lesin var upphátt mannlýsing í þjóðsögu: Hann var velli-maður (vel-limaður). Reynandi væri að finna fleiri svona dæmi vell-ystingum; afl-ýsa.

## 1.9 Skammstafanir

Hér má í upphafi tíma benda á að ef skammstöfunin *n.k.* stendur fyrir *nokkurs konar* er eðlilegt að hafa tvo punkta: *n.k.* (tvö orð). En ef skammstöfunin stendur fyrir *næstkomandi* skrifum við *nk.* (eitt orð).

Lítum svo á skammstöfunina þ. á m. Hér er bil milli stafa (en það er yfirleitt ekki í skammstöfunum). Þetta kemur til af því að *á* er ekki skammstöfun og því þarf að vera bil sitt hvorum megin við þetta orð (þennan staf).

## 1.10 Samheiti

Í þessari æfingu þurfa nemendur væntanlega að fletta upp einhverjum orðum, t.d. *umburðarlyndi*. Það styrkir orðaforðann að leita samheita. Einnig er stílfræðilega mikilvægt að beita samheitum: það lyftir stílnum (kennari – lærimeistari). Þess vegna er það að sumir fræðimenn telja að erlend tökuorð eigi fullan rétt á sér til að fá meiri tilbreytingu í málið: gluggatöld – gardínur o.s.frv.

Þá er skemmtilegt að velta fyrir sér samheitum þar sem annað er formlegra en hitt: pípulagningamaður – pípari; prófessor – proffi o.s.frv. Í fréttum ríkisútvarps myndum við heyra orðið *pípulagningamaður*; í óformlegu tali iðnaðarmanna mætti aftur á móti búast við að heyra orðið *pípari*. Finnið fleiri svona pör!

Spyrja má nemendur um afstöðu þeirra til orða eins og *jarðepli* og *glóaldin*: Kæmi til greina að fara að nota þau meira og þá á kostnað tökuorðanna *kartafla* og *appelsína*? Og hvað um orðin depill (punktur), tvídepill (tvípunktur), högg (komma) og depilhögg (semikomma)?

Hvað geta menn fundið mörg samheiti við lýsingarorðið **stór**?: risavaxinn, tröllvaxinn, mikill, voldugur (stór konungur), mikilfenglegur, fjölmennur (stór fundur) o.s.frv.

### 1.11 Myndgáta

Sennilega á nemandinn erfitt með að finna heiti á öllu því sem blasir við á myndinni, einkum kannski seglabúnaðinum (t.d. *rá*, sjá skýringarmynd á bls. 96 í *Íslenskri orðabók*); ekki er heldur víst að hann þekki orð eins og *kinnungur* (eða *bógur*), *skutur*, *stefni* (*stafn*), *vígskörð* o.s.frv. Gaman væri að taka fyrir helstu heiti sem tengjast venjulegum gömlum fiskibát (þófta, hlummur o.s.frv., sjá mynd á bls. 99 og 100 í *Íslenskri orðabók*).

### 1.12 Af nöfnum manna og fugla

Segja má frá sérviskum í sambandi við nafngiftir: Einar skáld Benediktsson og kona hans Valgerður gáfu öllum börnum sínum fuglsheiti að seinna nafni: Einar Valur, Margrét Svala, Benedikt Örn, Ragnheiður Erla, Stefán Már, Katrín Hrefna.

Hér mætti gera seinni spurninguna að heimaverkefni. Það mætti bæta við verkefnið og láta nemendur kanna hve algengt nafnið (nöfnin) er miðað við önnur nöfn. Einnig mætti láta nemendur kanna hvaða nafn innan fjölskyldu þeirra sé algengast/sjaldgæfast á landsvísu. Bókin *Nöfn Íslendinga* gefur gott yfirlit um þessi efni og inniheldur mikinn fróðleik, m.a. um uppruna og merkingu nafnanna. En nýjustu upplýsingar um tíðni þeirra er að fá á vef Hagstofunnar.

**Kennari getur svo komið með nýtt númer: Hvað getið þið talið upp mörg mannanöfn sem upphaflega eru heiti á jurtum?** (Lilja, Rós, Sóley, Burkni, Fífill o.s.frv.)

### 1.13 Andheiti

Þessi kafli kallast á við samheitakaflann í 1.10. Ræða má hvað oft menn grípa til andheita til að auka áhrifamátt orða sinna. Í stað þess að segja: „Þetta var góður matur,“ mætti segja: „Þetta var ekki vondur matur.“ (Stílbragðið kallast *úrdráttur*.) Í skáldskap eru andstæður afar áhrifamikið stílbragð, sbr. t.d. ævintýrin gömlu: góður/ vondur; ríkur/ fátækur; kot/ höll. Lítum á andstæðurnar í þessu erindi Einars Benediktssonar (úr kvæðinu **Hvað bindur vorn hug**:

En ástin er björt sem barnsins trú,  
hún blikar í ljóssins geimi,  
og **fjarlægð og nálægð, fyrr og nú,**  
oss finnst þar í eining streymi.  
Frá **heli til lífs** hún byggir brú  
og bindur oss öðrum heimi.

### 1.14 Orðabókin

*Íslensk orðabók* (ritstjóri Mörður Árnason) var valin mikilvægasta handbókin í könnun sem bókasöfnin létu gera árið 2013. Gott væri að þjálfar nemendur í að nota hana þannig að fullt

gagn sé að. Þetta kostar nokkra æfingu. Meðal annars þurfa nemendur að þekkja tákni og skammstafanir (sjá formálann). Mælt er með að hver nemandi fái eitt eða tvö orð sem hann flettir upp og skýri þær skammstafanir og þau tákni sem fyrir koma (Orðabókin yrði þá að ganga á milli nemenda). Dæmi:

*forði* -a, -ar KK

*efla tafl* skáld. † (sjá undir uppflettiorðinu *tafl*)

*hús* -s - HK

*jæja* UH

*helgi* - KVK (ath. að hér táknað strikið að orðið sé eins í ef.et. og í nf.et.; orðið ekki til í fleirtölu (sbr. helgi staðarins; ekki rugla saman við helgi eins og verslunarmannahelgi sem beygist á annan hátt, sjá hér að neðan)

*helgi* -ar -ar KVK

beiðni - -ir KVK (hættulegt eignarfall eintölu!)

*vaxa* -aði s

*vaxa* óx uxum (†óxum) vaxið vth.þt. yxi s

*núa* + um núa e-m e-u um nasir

Flest landslagsorðin í æfingunni tengjast mannslíkamanum (öxl í landslagi minnir á öxl á manni). Þannig má segja að merking þessara orða hafi *víkkað*.

## 1.15 Rím

Gefum þessu atriði góðan tíma. Allir hafa gaman af að ríma. Og þá kemur ferskeytlan fyrst upp í hugann. Besta aðferðin til að kenna unglíngum að yrkja vísu er raða saman nöfnum þeirra sjálfra. Stundum er hægt að nota nöfnin ein og sér til að fá rétt kveðna vísu en stundum þarf að bæta við einu og einu orði (t.d. til að láta ríma á móti eins atkvæðis nafni).

Best er að byrja á að finna nöfn sem stuðla: Birna, Baldur, Biggi. Eða t.d.: Elsa, Andri, Aron. Tveggja atkvæða nöfnin eru þægilegust en það er samt í lagi að hafa þrjú atkvæði.

Þá þarf að finna nöfn sem ríma ef unnt er; annars þarf að finna aukaorð. Bæði þarf að vera karlrím og kvenrím: Bára, Lára; Örn, Hörn.

Svo þarf að muna að stuðull þarf að vera á þriðja nafni; og höfuðstafur er alltaf fremst í línu.

Tökum dæmi:

Birna, Dísa, Baldur, Örn,

Biggi, Finna, Lára,

Sigga, Lóa, Helga, Hörn,

Hanna, Aron, Bára.

Helsta hættan er að nemendur ofstuðli eða setji svokallaða aukaljóðstafi (t.d. ef þeir segðu: Birna, Oddur, Baldur, Örn). Einnig er hætt við að sumir gleymi að stuðull þarf að vera á þriðja nafni í oddalínu.

Sjálfsgagt er að gera sem flestar svona nafnavísur til að tryggja það að nemendur átti sig á ljóðstafasetningunni. Nemendur búa þá að þessu ævilangt.

### 1.16 Nöfn manna og dýra

Framhald af 1.12. Í *Gísla sögu Súrssonar* er persóna sem heitir *Refur*. Refur er hálfgerður refur í sér. Vera má að nafn eins og Refur sé upphaflega viðurnefni: maðurinn er slóttugur eins og refur og fær því á sig þetta nafn. Svipaða sögu má eflaust segja um sum önnur mannanöfn sem leidd eru af dýrum.

Hér gæti kennari vakið umræðu um uppruna nafna. Hvað eru t.d. margir í bekknum sem bera nöfn sem ættuð eru úr norrænni goðafræði?: Þór, Óðinn, Nanna, Freyja, Baldur, Sif o.s.frv. Einnig mætti ræða um biblíunöfn: Davíð, Pétur, Páll, Rut, Elísabet o.s.frv.

Enn skal mælt með bókinni *Nöfn Íslendinga* til nánari fróðleiks um nöfn, uppruna þeirra og merkingu.

### 1.18 Úr bókaskápnunum – Róbinson Krúsó

Áður en nemandinn endurskrifar textann er sjálfsgagt að minnast á nokkur stílatríði, t.d. *orðaröð*. Þegar brugðið er út af venjulegri orðaröð verður stíllinn gjarnan dálítið bóklegri en ella: „...fram hjá gengið...“; „Skal ég nú...“ o.s.frv. Nemandinn mundi sennilega breyta og setja í „sjálfgefna orðaröð“.

Fleira mætti nefna, t.d. orðin „buxur mínar“ og „treyja mín“. Hér mun nemandinn líklega kjósa að segja: „treyjan mín“ (þ.e. setja ákveðinn greini á naforðið). Þá er sennilegt að hann forðist orð sem hann þekkir ekki (*kinoka sér við e-u; hafurstaka* o.s.frv.).

Það er afar góð æfing að umskrifa texta og beita þá eigin orðum. Og mikilvægt er líka að ræða um það sem gerist við umritunina og beita þá hugtökum málfræðinnar.

Ræða mætti hér um mun á talmáli og ritmáli. Flestir nemendur gera sér grein fyrir því, að þeir tala öðruvísi en þeir skrifa. Þeir lyfta stílum ósjálfrátt þegar þeir rita texta. Þeir forðast t.d. slettur og slangur og gæta að upphafi málsgreina og endi.

Mælt er með að nemendur verði látnir finna upplýsingar á netinu um einstök atriði, t.d. höfunda og verk þeirra. Þetta getur vakið áhuga á að kynnast verki og höfundu nánar.



### 1.19 „Gáta“ eftir Ísleif Gíslason

Hér mætti minna aftur á vísuna:

N vil ég kaupa af þér H,  
S líka er vakurt C,  
Q vel þrifna og þar með Á,  
Þ í hringju látna í T.

Bera má vísurnar tvær saman (fimm atriði eru sameiginleg, þ.e. stafirnir H, C, S, Q og T) en þrjú atriði hefur N-vísan umfram hina (N, Á og Þ).

Leiðréttta má villuna í *byssustingur* í vísunni *Ferskeytlan er Frónbúans*.

### 1.20 Örlítið um greinarmerki

Í þessum kafla er fengist við mjög hagnýt atriði, atriði sem allir þurfa að glíma við nánast daglega alla ævi. Miðað við það hvað reglurnar eru einfaldar er merkilegt hve margir eiga erfitt með að tileinka sér þær. Sennilega hefur þessu máli ekki verið sinnt nógu markvisst í skólum.

Eitt af því sem maður tekur eftir er að fólk ruglar saman ; (semikommu) og : (tvípunktur). Tvípunktur (ekki semikomma) er t.d. á undan *beinni ræðu*. *Sigríður mælti: „Gangi þér allt í haginn.“*

Semikommu má aftur á móti nota þegar manni finnst of lítið að setja kommu en of mikið að setja punkt: *Þetta eru góðar rófur; þær eru líka hollar.*

Fljótverkasta leiðin til að kenna greinarmerkjasetningu er að láta nemendur gera stuttar æfingar sem þeir geta svo sjálfir farið yfir. Þá er bara tekinn texti úr bók (þar sem mikið er um samtöl og ávörp!) og hann settur upp á glæru án greinarmerkja, síðan er svo rétti textinn sýndur svo nemendur geti leiðrétt hjá sér.

Erfiðast eiga nemendur með að afmarka ávörp og að setja „íslenskar“ gæsalappir á rétta staði, t.d. seinni gæsalappir *á eftir* kommunni eða punktinum.

Mælt er með mörgum, stuttum viðbótaræfingum í þessum málaflokki.

Skemmta má nemendum með því eins og fyrr segir, að til er orðið *högg* yfir punkt, *depill* yfir kommu, *tvídepill* yfir tvípunkt og *depilhögg* yfir semikommu.

depill= punktur

tvídepill= tvípunktur

högg= komma

depilhögg er semikomma

### 1.21 Örlítið um nástöðu

Hér má skapa umræðu um stíl. Þórbergur Þórðarson talaði um *lágkúru* þegar um var að ræða flatneskjulegan texta, t.d. sömu eða svipuð orð sem birtust tilviljanakennt aftur og aftur með stuttu millibili. En hugtakið *nástaða* lýsir betur þessu tiltekna stílatríði. Dæmi um nástöðu: „Kennarinn flutti *innblásinn inngang* um gildi dagbókarinnar.“ (Auðvelt er að bæta þetta orðalag.)

En gleymum ekki að *endurtekning (klifun)* getur verið mjög öflugt stílbragð, sé því beitt markvisst. Góðir ræðumenn klifa t.d. oft á sama orðinu: „Ég vil sjá börn þessa lands.../ Ég vil sjá börn þessa lands.../ Ég vil sjá börn þessa lands...“ Skáldin gera það sama. Þau byrja t.d. línu eftir línu eða erindi eftir erindi á sama orðinu: „Í dag er ég.../ Í dag er ég.../ Í dag er ég...“).

Stundum er ekki svo gott að losna undan nástöðu, sbr. orðasambandið „eftirspurn eftir“. Sumir hafa reynt að breyta þessu í „spurn eftir“ en það hefur ekki fengið hljómgrunn.

### 1.22 Ritunaræfingar

Enn skal minnt á það að ef vel á að takast til þarf dálitla undirbúningsvinnu.

Kennari leggur línu í upphafi. Eindregið er mælt með að nemandinn setji á blað nokkur lykilorð og ákveði síðan hvernig best sé að skipa þeim niður. Lagt er til að efnisgreinar verði a.m.k. þrjár (og línur dregnar inn við greinaskil). Hver efnisgrein þarf að snúast um eitt lykilatriði, og sýnileg tengsl þurfa síðan að vera milli efnisgreinanna ; eitt þarf að taka við af öðru.

Kennari brýni fyrir nemendum að vera stuttur og gagnorðir; hafa málsgreinar ekki langar og gæta að flæði í texta. (Því fleiri lykilorð sem tengjast hverri efnisgrein (þrjú til fjögur), því betra ætti flæðið að verða.)

Nemandi reyni að „opna“ umræðuna í byrjun og komist síðan að e.k. niðurstöðu um efnið í lokin – eftir að hafa reifað málin um sinn, t.d. með því að stilla upp andstæðum skoðunum, vega þær og meta.

Eðlilegt er að gefa svona verkefni tvo samliggjandi tíma; fyrri tíminn færi í undirbúning og skrásetningu lykilorða niðurröðun þeirra. Kennari gæti reynt að fylgjast með þessu ferli og leiðbeina eftir því sem aðstæður leyfa.

Seinni tíminn færi í sjálfa ritunina.

Kennari getur ekki lesið öll verkefni. Hann getur í mesta lagi litið á glefsur úr hverju verki og gert stutta athugasemd við eitthvað sem hann rekur augun í.

## 2. Nafnorð

### 2.1 Að þekkja nafnorð

Hér er enn einu sinni farið yfir nafnorðin. Fyrsta æfingin kann að vera fráhrindandi en hún er mikilvæg upprifjun. Minna má á að eitt öruggasta einkenni nafnorða er að þau geta tekið greini. (Sérnöfn taka reyndar ekki nærri alltaf greini svo vel sé; sjá þó orðið *Akureyrin* hér að neðan.)

Vel má fara fram á að nemandinn skrifi m.gr. (með greini) við þau nafnorð sem eru með greini. Þetta skerpir m.a. tilfinningu fyrir stafsetningu, sbr. orð eins og *arinninn* um *arininn* (greinirinn í kk.et. er með tveimur n-um bæði í nf. og þf.).

Sjálfsagt er að hnykkja á því að *þúsund* getur verið töluorð eða nafnorð, allt eftir því hvort orðið tekur greini eða ekki.

Ég sá þúsund (to.) fugla á skerinu.

Það voru þúsundir (no.) manna á tónleikunum (við getum sagt *þúsundirnar*).

Munum að sérnöfn eru nafnorð. Mannanöfn eru sérnöfn og þau taka ekki greini nema sérstaklega standi á: Ég sá báðar Sigrúnirnar í gær.

Eins og sést í æfingunum í kaflanum líta nafnorð oft alveg eins út og orð í öðrum orðflokkum. Eins og dæmin sýna getur þetta valdið misskiningi og kátínu. Það er um að gera að grípa svona dæmi til að nota í málfræðikennslunni.

Dæmi: Ég sá *hana* í gær; hér gæti verið um fn. í kvk.et.þf. að ræða eða no. í kk.et.þf.

Segiði svo að málfræði sé leiðinleg!

### 2.2 Fallbeyging

Eitt er að beygja orðin rétt á æfingarblaðinu, annað að gera það „í praxís“. Gaman væri að spyrja hópinn hve margir segi t.d. „Hann fór að heimsækja dóttur sína, móður sína....“ o.s.frv.

Einhvern veginn þarf að færa það sem stendur á eyðublöðunum út í lífið.

Mælt er með spurningum út í bekkinn, t.d. í byrjun tíma: Hvernig er þetta og þetta í þessu og þessu falli og tölu? Dæmi: Hvernig er orðið *rani* í þf.ft.m.gr.? (Svar: ranana.) En *monthani*? (Svar: monthanana.)

Aukadæmi: Á hvaða fylki í Bandaríkjunum minnir orðið *monthani* í þf.et.? (Svar: Montana.)

Annað dæmi: Hvernig eru orðin a) sól og b) sóli í ef.et.? (Svar: a) sólna, b) sóla.)

Þriðja dæmi: Hvernig er *drottning* í ef.et.m.gr. (Svar: **drottningarinnar**; ekki drottningunnar.)

Fjórða dæmi: hvernig er beiðni í ef.et.? (Svar: **beiðni**; ekki beiðnar.)

Sennilega mun enginn nemandi í hópnum vera með rétta lausn á *skipstjóra Akureyrarinnar*. Reynum að skýra þetta út fyrir börnunum: eignarfall eintölu af Akureyri er *Akureyrar*; svo bætist greinirinn einfaldlega við: Akureyrar-innar. (Skipið heitir Akureyrin.)

## 2.3 Kyn

Í kaflanum er einkum beint sjónum að hvorugkynsorðum í fleirtölu. Til að vera viss um kynið er best að setja viðkomandi orð í eintölu ef hægt er: glerauga, gleraugað: augljóslega hvorugkyn. Verra er að átta sig á orðum sem ekki eru til í eintölu (skæri o.s.frv.). Þá er að setja *þau* í staðinn (sbr. t.d. *þau* börnin: augljóslega hvorugkyn).

Síðasta æfingin er góð til að rifja upp þá staðreynd að lýsingarorð í hk.ft. (nf. og þf.) lítur út alveg eins og lýsingarorð í kvk.et.nf. (*gul, svört, góð* o.s.frv; *góð kona; góð börn*).

Spurning til gamans: Hvert er kyn orðanna *sjáaldur* og *angan*?

sjáaldur: hk

angan: kvk

## 2.4 Finndu nafnorðið

Helsta gildran í fyrri æfingunni er í lið 4. Hér þarf nemandinn að muna að so. hlakka er persónuleg sögn, þ.e. stendur á eftir frumlagi í nefnifalli: Guðmundur hlakkar til jólanna.

Það mætti hnykkja á þessu og spyrja út í bekkinn um fleiri nöfn, t.d. Haukur, Sveinn, Lára; einnig mætti spyrja um fornöfnin (ég, þú, við, þær, þeir): Ég hlakka til; þær hlakka til o.s.frv. Muna börnin ekki eftir jólalagi þar sem orðin: „Hæ, hæ, ég hlakka til“ voru sungin með hárra raust?

Það er kannski ekki dauðasynd að segja „mér hlakkar til“. Við vitum vel að fjöldi manna á öllum aldri segir þetta. En sjálfsagt er að benda á að í viðurkenndu opinberu máli er sögnin *hlakka* persónuleg: ég hlakka. Blaðamenn fengju t.d. umsvifalaust þúsundir tölvubréfa ef þeir færu að nota hana sem ópersónulega sögn í skrifum sínum. Þeir mundu jafnvel fá áminningu hjá ritsjóra.

## 2.5 Sterk/ veik beyging

Hér mætti bæta við umræðu um veika beygingu *lýsingarorða* og hlutverk hennar: Veika beygingin þar tengist ákveðna greininum: *góði* (vb) *maðurinn* (ákveðið). En: *góður* (sb) *maður* (óákveðið). Sama lýsingarorðið getur semsagt verið bæði sterkt og veikt. Nafnorðin eru aftur á móti *annaðhvort* veik *eða* sterk í beygingu.

Hér má spyrja: Hver eru kenniföll orðanna *eyri* og *eyrir*?

*eyri* – *eyrar* - *eyrar*

*eyrir* – *eyris* – *aurar*

## 2.6 Tala

Minna má á að löngum hefur orðið *verð* verið talið eintöluorð (þó fleirtalan þekkist í fornu máli). Nú er viðurkennt í orðabókum að *verð* geti staðið í fleirtölu, sbr. Íslenska orðabók: *verð* -s - HK. Það að tala um *mörg verð* er með öðrum orðum að *verða* viðurkennt mál.

**Úr Málvarsbankanum:** „Gott verð“, „lág verð“, „hátt verð“. Síður „góð verð“, „lág verð“, „há verð“, þó virðist ekki alltaf hægt að komast hjá því að nota *verð* í fleirtölu. Til að mynda í setningunni: öll *verð* eru án virðisaukaskatts. Þess ber einnig að geta að fleirtalan kemur þegar fyrir í fornmáli (í Auðunar þætti) og í samsetningum á borð við *kýrverð* og *ærverð* er *verð* tölubeygt.“

## 2.7 Eyðufylling

Hér mætti ræða þá íslensku málvenju að tala t.d. um *hárið á mér* (í stað *hárið mitt*), *nefið á mér* (í stað *nefið mitt*), *eyrun á henni* (í stað *eyrun hennar*) *lungun í mér* (í stað *lungun mín*). Þetta er öðruvísi í ensku til dæmis: „my nose.“

## 2.8 Aukaföll

Það þarf stundum að gæta hófs í leiðréttingum. Vissulega er fallett að beygja orðið hönd svona:

*hönd* – *hönd* – *hendi* – *handar*.

En mjög víða sést og heyrst:

*hönd* – *hönd* – *hönd* – *handar*

Jafnvel er viðurkennt að segja *hendi* í nf.et., sjá vef Stofnunar Árna Magnússonar:

<http://bin.arnastofnun.is/leit.php?q=h%C3%B6nd>

Að segja *hendi* í fótbolta er auðvitað löngu viðurkennt.

## 2.9 Stofn

Þegar stofninn er skoðaður þarf að hafa í huga hvers kyns afbrigði. Í nafninu *Baldur* er stofninn Baldur (þf.). En á undan þágufalls-i-inu fellur stofnsérhljóðið u brott: Baldr-i (ekki: Balduri). Svipað gerist í mörgum öðrum orðum, sbr. t.d. orðið *himinn*; stofn: himin. Þágufallið er himn-i. Seinna stofn-i-ið hefur semsagt fallið brott.

Svo má ekki gleyma því að stofnsérhljóðin breytast gjarnan í beygingu, sbr. orðið *köttur*; stofninn væri kött þf.et.). En stofnsérhljóðið er síðan e í þgf. og a í ef.

Úr því að við minnumst á kött má nefna að a-ið (sem kemur fram í eignarfallinu *kattar*) er upphaflega sérhljóðið í þessu orði (sbr. nágrannamálin: cat, Katze, kat). Í íslensku hefur þetta -a- hljóðverpst:

a>e: i-hljóðvarp (sbr. kattar – ketti)

a>ö: u-hljóðvarp (sbr. kattar – köttur)

## 2.10 Víð/þröng merking

Æfingar eins og þessar skerpa tilfinningu fyrir flokkun, t.d. þegar greina þarf yfirhugtök og undirhugtök. Þetta er afar mikilvægt í ritun, t.d. þegar gera þarf kaflafyrirsagnir og undirfyrirsagnir. Sama má segja um venjulega skólaritgerð þar sem skipuleggja þarf bygginguna. Í hverri efnisgrein þarf jafnvel að huga að yfirhugtaki og undirhugtökum til að framsetning verði skýr.

Dæmi: Efnisgreinin er um gildi hreyfingar. Yfirhugtakið er þá: *mikilvægt að hreyfa sig*. Undirhugtök væru þá t.d. Hreyfing stuðlar að a) styrkingu æðakerfis b) betri meltingu c) betri svefni. Ef þetta væri efni í stærri ritgerð gæti hver þessara undirþátta (a,b,c,) fengið sína efnisgrein með undirhugtökum, einu eða fleiri.

## 2.11 Kenniföll

Hér er mikilvægt að hafa orðabók við höndina (*Íslensk orðabók* (ritstj. Mörður Árnason) er gulls ígildi). Þá venjast nemendur táknumum (eitt lítið strik getur haft mikilvæga merkingu, t.d. þegar kenniföll eru annars vegar. Dæmi: *kvæði* -is -).

Í æfingunni eru ýmsar gildirur sem þarf að varast, sbr. t.d. beygingu á orðinu *beiðni* (ef.et.: *beiðni!*)

Síðustu æfinguna (efst á bls. 49) má útfæra nánar, t.d. með því að láta nemendur fletta upp fleiri orðum sem hafa margar ólíkar merkingar, sbr. orðin *ás*, *stafur*, *horn* o.s.frv.

## 2.12. Eyðufylling

Góð æfing vegna þess að hún krefst þess að nemandinn rýni vel í textann.

## 2.13 Nafnorð úr sagnorðum

Oft eru skyld orð nokkuð ólík, sbr. sofa – svefn. En ef við t.d. lítum á þátíð sagnarinnar *sofa* (*svaf*) er munurinn miklu minni.

Það er skemmtilegt að ræða skyldleika orða. Það getur jafnvel verið hagnýtt. Hvers vegna er t.d. orðið skemmtun með tveimur m-um? Orðið er skylt lýsingarorðinu skammur (stuttur). Þegar við skemmtum okkur er tíminn svo fljótur að líða, tíminn virðist stuttur, skammur.

Annað dæmi: *eyri* er skrifð með ypsiloni. Orðið er skylt *aur* (ft. *aurar*): malar- og sandborinn leir (*aur*) hefur borist fram og myndað eyrina. Eyri er semsagt aurinn sem myndaði hana (au>ey: i-hljóðvarp).

## 2.14 Kyn, tala, fall

Fyrsta æfingin er kannski frekar óspennandi en hún er mikilvæg til að styrkja hugtök í sessi.

Seinni æfingarnar eru heilabrotir. Þegar búið er að leysa þær getur kennarinn spurt uppáhaldsspurningarinnar: Hvernig er orðið Írani í þf.ft.m.gr.? (Íranana).

## 2.15 Samheiti og andheiti

Því fleiri orð sem finnast, því betra.

Í báðum æfingunum gefst tækifæri til að ræða um hlutlaus orð og *gildishlaðin* orð. Stundum á alls ekki við að mælandi lýsi eigin skoðun á fyrirbærum sem til umræðu eru. Fréttamaður sem talaði um bikkjur (truntur) eða bíldrulur í venjulegri frétt af smölun eða færð á vegum, yrði fljótt látinn hætta; tölum nú ekki um ef hann ræddi um virt skáld og stjórnmálamenn sem leirskáld eða lýðskrumara.

Spyrja mætti: Hvernig væri lífið ef allir væru alltaf hlutlausir í máli sínu? Indælt? Litlaust?

Þessi kafli gefur tækifæri til að styrkja orðaforðann og ræða blæbrigði málsins.

## 2.16 Nafnorð úr lýsingarorðum

(Tengist 2.13.) Hér má enn minna á hljóðvarp í orðum eins og blauður – bleyða (au>ey: i-hljóðvarp); úldinn – ýlda (ú>ý: i-hljóðvarp); napur – nepja (a>e: i-hljóðvarp). Í orðunum kraftur – kröftugur birtist einnig hljóðvarp (a>ö: u-hljóðvarp).

Sjálfsgagt er að benda nemendum á þetta því það tengist stafsetningunni.

## 2.17 Um nýyrði og tökuorð

Hér þyrfti að hamra á eftirfarandi hugtökum:

**nýyrði:** nýtt orð sem búið hefur verið til yfir einhverja nýjung (Dæmi: *tölva*, sbr. *computer*).

**tökuorð:** orð sem tekin hafa verið úr öðru tungumáli og löguð að íslensku beyginga- og hljóðkerfi (Dæmi: *bíll*).

**slangur:** orðfæri sem tengist helst óformlegu talmáli, oft af erlendum uppruna. Slangur fylgir oft tilteknum hópum, t.d. unglingum, og getur verið frumlegt og myndauðugt og ber gjarnan vitni um napurt skopsyn (Dæmi: plástur = *meinloka*; ég gerði góðan *díl*.)

**sletta:** orð af erlendum uppruna sem ekki hefur lagað sig að hljóðkerfi og beygingakerfi málsins (minnir að nokkru leyti á slangur). (Dæmi: það er engin *konkret* lausn í sjónmáli.)

Þetta að laga sig að beygingarkerfinu og hljóðkerfinu er spennandi. Hvers vegna segja menn t.d. ekki : Hún er smört/ Hann er smartur (og laga orðið þannig að íslensku beygingakerfi)?

**Viðbótaræfing sem kennari getur lagt fyrir bekkinn:**

**Segðu til um hvort um er að ræða nýyrði (n), tökuorð (t), slangur (sla), slettu (sle) eða erfðaorð (e) í eftirfarandi texta:**

Mamma keypti jeppa (t) í fyrra. Skipið (e) heitir Tungufoss. Þegar farið var að rækta undir gleri kom upp orðið gróðurhús (n). Landnámsmenn áttu bæði sverð (e) og skildi (e), einnig knerri (e) og snekkjur (e). Jón er góður gæi (sle/t?), en dálítið töff (sle). Sumir segja að konan hans sé smart (sle). Rafmagn (n) er notað til ljósa (e). Sími (n) olli byltingu á Íslandi við upphaf 20. aldar. Löngu síðar kom farsíminn (n). *Póstur* (t) og *sími* var nafn á ríkisfyrirtæki. Skellinöðrur (n) voru í tísku um miðja síðustu öld (e). Pabbi keypti nýjan mótör (t) í bílinn sinn. Ég fer um allt á reiðhjóli (n) eða bifhjóli (n). Sumir nota orðið bifreið (n) um bíl (t), og dráttarvél (n) yfir traktor (t). Íslendingar nota orðið *sjónvarp* (n) yfir alþjóðlega orðið *television*. Þegar mynduð eru nýyrði er mikilvægt að þau séu stutt og „gagnsæ“ eins og t.d. orðin þota (n), sbr. þjóta, og þyrlla (n), sbr. það að þyrlla upp ryki. Þá duga þau líka vel í samsettum orðum eins og þotuflugmaður (n), tölvusérfræðingur (n), þyrlluhreyfill (n) o.s.frv. Orðið *þrýstiloftsflugvél* (n) var eitt sinn notað yfir þotu. Ég vista texta en seifa (t) hann ekki. Þeir voru allir edrú (sle). Hún er með tengdamömmuboxið (sla) á toppnum.

## 2.18 Úr bókaskápnunum

Þýðingar eru einhver besti skóli í eigin móðurmáli. Að breyta hrárrí þýðingu í texta á „mannamáli“ er vinna og nostur. Við þá iðju koma upp fjölmörg atriði sem vilja gleymast hjá



þeim sem flýta sér. Dæmi: *When he entered the room, Mr. Smith looked around quickly.* Hér þarf að segja: *Þegar Smith gekk inn í herbergið litaðist hann um í flýti.* Með öðrum orðum: Í íslensku þarf nafnið að koma á undan fornafninu.

Þýðing Arngríms Bjarnasonar frá árinu 1943:

Maídag einn um klukkan þrjú síðdegis kom ég heim til mín úr borginni, skelfing leiður á lífinu. Ég var búinn að dvelja þrjá mánuði í Gamla landinu og var búinn að fá nóg af því. Ef einhver hefði sagt mér fyrir ári síðan, að mér mundi verða þannig innanbrjósts, myndi ég hafa hlegið að honum. En þannig var það nú samt. Veðrið fór í lifrina á mér, og tal landa minna í taugarnar. Ég hreyfði mig ekki nóg, og skemmtanir Lundúnaborgar virtust mér jafn lítilfjörlegar og bragðlausar og sóðavatn, sem staðið hefir í sól. „Richard Hannay,“ sagði ég við sjálfan mig aftur og aftur, „þú hefir farið í geitarhús að leita ulla, karl minn, – það er víst best fyrir þig að hafa þig héðan sem fyrst.

Sumt af því sem hér er mundu nemendur áreiðanlega ekki skrifa, t.d. orðmyndina *hefir*. Væntanlega þekkja þeir ekki orðtakið að *fara í geitarhús að leita ulla*. Og svona mætti áfram telja.

## 3. Stafsetning

### 3.1 og 3.2 Stór og lítill stafur

Byrjum á að skrifa orðið *grettistak* á töfluna og látum það standa þar um hríð.

Tökum síðan út tvö spennandi atriði:

- Ef *sérnafn* er í seinni lið samsettra heita sem tengd eru með bandstriki, þá er um að ræða stóran staf: *Skalla-Grímur*. Ef seinni liðurinn er ekki sérnafn, þá er þar hafður lítill stafur: *Kennedy-flugvöllur*. Hið sama á við um viðurnefni eins og *djúpúðga* og *magri*: Auður djúpúðga, Helgi magri.
- Ef merkingarsambandið við sérnöfnin er ekki mjög náð er skrifaður lítill stafur, t.d. í jurtaheitum: maríustakkur, jakobsffill. Þetta á líka við orð eins og ökuþór.

Aftur á móti er eðlilegt að skrifa *Finnlandssænska* með stórum staf af því að hér er merkingarsambandið við Finnland mjög náð.

Hann var mér *þrándur í götu* (= hann reyndist mér erfiður viðureignar). Hér er frjálst að skrifa þrándur í Götu með stórum staf af því að merkingarsambandið við persónuna Þránd er allnáð. (Þrándur var færeyskur höfðingi sem reyndist mörgum (m.a. Noregskóngi) erfiður ljár í þúfu.)

En ef við segjum: „Hér hefur Gróa á Leiti (=sögusmetta) gengið um garða,“ þá er ótvírætt að rita skuli með stórum staf. Sambandið við persónuna og slúðurkerlinguna Gróu á Leiti í skáldsögunni *Piltur og stúlka* eftir Jón Thoroddsen er svo náðið.

En hvað um *grettistak*? Að *lyfta grettistaki*. Orðabókin gefur þetta upp með litlum staf. Ástæðan er sú að merkingin er stór steinn og ekki endilega steinn sem Grettir Ásmundarson lyfti á sínum tíma.

### 3.3 Göngum í skólann dagurinn

Við teljum þá aðferð heppilega að lesa upp texta sem nemendur síðan skrifi og fari síðan sjálfir yfir. Vel hefur reynst að lesa stutta texta upp annað slagið, t.d. beint af vefmiðlum sem síðan má bregða upp á tjald þannig að nemendur geti sjálfir farið yfir.

Gott væri að byrja tímann á að benda á að *menningarmálaráðuneytið* er hér skrifað með litlum staf. En minnt skal á að víða sést það með stórum staf. Það er semsagt ekki alltaf hægt að fullyrða að eitthvað eitt sé rétt og annað rangt. Við mælum þó með litla stafnum en segjum um leið að *Stjórnarráðið* (Stjórnarráð Íslands) sé eðlilegt að hafa með stórum staf (yfirstofnun).

### 3.4 Gleðisurningar

Spyrja má:

1. Hvaða stöðu gegndi faðir Þórarins Eldjárns?  
Svar: Hann var forseti Íslands (og þjóðminjavörður).
2. Hvers vegna er orðið *Bakkabræður* skrifað með stórum upphafsstaf?  
Svar: Af því að orðið er svo nátengt bæjarnafninu Bakki í Svarfaðardal.
3. Hvar stendur álverið á Austurlandi?  
Svar: Við norðanverðan Reyðarfjörð.

### 3.5 Hátíðir og fleira

Enn minnum við á kosti þess að lesa upp nokkrar línur og láta svo nemendur sjálfa fara yfir.

Það er líka árangursríkt að varpa fram spurningu um tiltekið atriði í byrjun stafsetningartíma, sbr. orðið *mánaðamót*: Hvers vegna eru *mánaðamót* ekki skrifuð „mánaðarmót“? (Svar: Þetta eru mót tveggja mánaða: ef.ft.)

Ræðum viðurnefni og uppnefni. Sem betur fer er ekki mikið um neikvæð uppnefni í samfélaginu. Frægir menn fá stundum á sig slík nöfn en oftast eru þau góðlátleg, sbr. Ragnar skjálfi og Siggi stormur.

Forðumst öll viðurnefni sem tengjast útliti fólks og yfirleitt allt sem telst neikvætt. Vel mætti minna á hve háskalegt það er að segja eða skrifa meiðyrði um náungann. Slíkt varðar við lög. Illmælgir og níð á vefmiðlum er því miður þjóðfélagsvandamál. Neikvæð skrif (og tal) um náungann geta valdið óbætanlegu tjóni á sálinni.

Minum á þá staðreynd að viðurnefni gat orðið að nafni viðkomandi: *Þorbjörn súr* > Súr. Þess vegna er Gísli Súrsson en ekki Þorbjörnsson!

### 3.6. Gleðisurningar

Gleðisurningarnar geta vakið umræðu, t.d. í byrjun tíma. Hafa nemendur lesið bækur Kristínar Helgu og Friðriks Erlingssona? Óhætt er að mæla með spennusögunni *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu. Sú saga tengist m.a. þjóðsögum af Fjalla-Eyvindi og Reynistaðarbræðrum (sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar).

### 3.7 Enn um lítinn og stóran staf

Spurning í byrjun tíma: Er stór eða lítill stafur í *Norðurland*? (Svar: Já, það heitir Norðurland.) En hvað um orðið norðurhéruð? (Svar: Nei, þetta er bara svipað og norðurströndin, ekki heiti.) En orðið Kúrdi? (Svar: Já, Kúrdar eru þjóðflokkur á tilteknu landsvæði; hið sama á t.d. við um Lappa og Sama.).

Til fróðleiks: Gera má greinarmun á orðunum *gyðingur* (með litlum staf) og *Gyðingur* (með stórum staf):

Ef Gyðingar eru með stórum staf væri um að ræða þjóð sem kennd var við *Gyðingaland* (Palestína á tímum Gyðinga þar að fornu).

Ef gyðingur er með litlum staf er hann maður af þjóðflokki gyðinga, óháð búsetu. Orðið Ísraelsmaður er aftur á móti með stórum staf: íbúi Ísraels (sem vissulega er gjarnan gyðingur).

### 3.8 Staðir og staðfærsla

Hér mætti ræða atriði sem tengjast málsmekk og málvenjum. Það er augljóslega fallegra að segja: *Hún er ættuð úr Skagafirði* en *Hún er ættuð frá Skagafirði*. Við segjum aftur á móti ekki: *Hann er úr Sauðárkróki*; hér verðum við að segja: *Hann er frá Sauðárkróki*. En: Hún er ættuð **af** Skaganum. Og: Hann er **undan** Eyjafjöllum

Æ oftast heyrir sagt: Hann er að fara á Akureyri. Mun fállegra er að segja: Hann er að fara **til** Akureyrar.

En svo er fállegra að segja: *Velkominn í Skagafjörð* en *Velkominn til Skagafjarðar*.

### 3.9 Gleðisurningar

Atviksorðið *stundum* er augljóslega dregið af nafnorðinu *stund* í þgf.ft. Þetta er stírðnað þágufall fleirtölu. Þannig er um fleiri atviksorð, t.d. *löngum*: Hann dvaldi *löngum* (oft og lengi) á sjúkrahúsi. Við getum hugsað okkur að þetta hafi upphaflega verið *löngum stundum* (lo. + no.) en síðan hafi þetta stírðnað og orðið að atviksorðinu *löngum* (í svipaðri merkingu og oft).

Um forsetasurninguna mætti til fróðleiks benda á að forsetatitill Jóns Sigurðssonar tengist forsetastarfi hans hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi – löngu áður en Ísland varð lýðveldi.

### 3.10 Fjallasurning

Nemendur rifji í sameiningu upp nöfn þeirra fjalla sem þeir þekkja. Hvernig eru þessi nöfn mynduð? Tökum nöfn eins og *Kaldbakur*: bakið á honum er augljóslega kalt. Hann hvítar áður en snjóar á láglendi.

Nú fara flestir upp á *topp* á fjallinu; sjaldnar er talað um *tindinn*. Óneitanlega er *tindur* fállegra orð en *toppur*.

Í sambandi við ypsilonin mætti hamra á hljóðskiptareglunni. Ef í – ei – i skiptast á í skyldum orðum er einfalt i/í/ei, sbr. orðið *skítur* í æfingunni; *skíta* – *skeit* – *skitum* (fyrsta hljóðskiptaröð sterkra sagna).

Skapa má umræðu um síðasta liðinn, þ.e. hvort ástæða væri til að fella y-ið brott. Það má ræða þetta út frá fegurðarsjónarmiði (fállegra að horfa á *yfir* en *ifir!*), sögulegu sjónarmiði (þetta hefur alltaf verið svona!) og hagkvæmni sjónarmiði (betra að þurfa ekki að læra um y) svo eitthvað sé nefnt. En segja má líka að y-ið hjálpi okkur oft að tengja viðkomandi orð við uppruna sinn (*eyri*, skylt *aur* o.s.frv.).

### 3.11 Ypsilon

Byrjum tímamann á að skrifa nokkur orðapör á töfluna:

tína – týna

minni – mynni

kirkja – kyrkja

kirtill – kyrtill

leiti – leyti

Ég týndi tínunni

Mig minnir að bærinn standi í mynni dalsins

Ég ætla að kyrkja manninn í kirkjunni

Maðurinn í kyrtlinum er með skemmda hálskirtla

Gróa á Leiti kemur alltaf um þetta leyti.

Sumt af þessu verða menn að muna. En minna má á að þegar *leiti* merkir hæð eða hóll þá er einfalt *ei*: sbr. hljóðskiptin *líta – leit – litum* (Við lítum yfir landið af leitinu).

### 3.12 ey – au – ei

Skrifum á töfluna í upphafi tíma:

eygja – eyja

sveigja – sveia

Framburðurinn er sá sami en uppruninn ólíkur. Hvað snertir *eygja* og *sveigja* má heyra g-ið í skyldum orðum: *auga – sveigur*.

Inn í seinna orðaparið læðist j-reglan (ekker j á eftir einföldu ei!).

### 3.13 Um y í viðtengingarhætti þátíðar

Ef nemendur ná tökum á því sem rætt er í þessum kafla hafa þeir stigið afar mikilvægt skref í málfræði og stafsetningu. Það opnast ný veröld!

Þetta er í rauninni afar einfalt. Nemandinn þarf aðeins að þekkja kennimyndirnar og glöggva sig síðan á að vth.nt. er leiddur af fyrstu kennimynd en vth.þt. af þriðju kennimynd.

Ég segi að hann *finni* (af finna), *bindi* (af binda), *spinni* (spinna), *sígi* (af síga)

Ég sagði að hann *fyndi* (af fundum), *byndi* (af bundum), *spynni* (af spunnum), *sigi* (af sigum)

Til nánari glöggvunar er hér brot úr tungutakspistli úr *Morgunblaðinu*:

Um daginn rakst ég á gamla og indæla úrklippu úr Morgunblaðinu í skúfunni minni.

Fyrirsögnin var: „**Leiðrétting: Skuldbyndu, ekki skuldbindu.**“ Prófarkalesari hafði í ógáti á

tveimur stöðum breytt stafsetningu upphaflega textans á viðtengingarhætti þátíðar af

sögninni *skuldbinda* úr **skuldbyndu** í **skuldbindu**. „Það fyrra er að sjálfsgöðu rétt og er beðizt

velvirðingar á mistökunum,“ sagði í lok úrklipputextans. Ó, þeir horfðu tímar, þegar

blaðamenn gerðu greinarmun á *bindi* og *byndi*, *spinni* og *spynni*!

Með eftirfarandi málsgreinum skýrist munurinn á viðtengingarhætti nútíðar og viðtengingarhætti þátíðar: a) Hún segir að hún finni (vth.nt.) til þreytu en spinni (vth.nt.) þó á hverjum degi; b) Hún sagði að hún fyndi (vth.þt.) til þreytu en spynni (vth.þt.) þó á hverjum degi. Góð er þessi gamla regla: Vth.þt. er leiddur af 3. kennimynd: spinna – spann – spunnum (vht.þt.: *spynni* með i-hljóðvarpi u>y).

### 3.14 Um einfalt i og ja/jö

Hér er um að ræða klofningu, þ.e. hljóðbreytingu þar sem e hefur „klofnað“ í ja eða jö (sbr. *björn, bjarndýr, bera* (*bera* er kvenkyns bjarndýr); e-ið í *bera* hefur klofnað í ja og jö.

Í stafsetningu getur þetta komið okkur að notum. Ástæðan er sú að hið upprunalega e hefur oft hljóðverpst í i, sbr. orðið *birna* (e>i: i-hljóðvarp).

Segja má því að ef *ja* eða *jö* finnst í skyldum orðum er ritað einfalt i. Dæmi *fjörður, fjarðar firði* (upphaflega e-ið hefur hljóðverpst e>i).

### 3.15 Karlkynsnafnorð sem enda á -ann, -inn og -unn.

Hér má byrja á að minna nemendur á nöfnin sem eru af írskum (keltneskum) uppruna og skrifuð með einu n-i: Kjartan, Kvaran o.s.frv.

Svo er sjálfsagt að varpa fram spurningu eins og þessari (hún er í sama anda og síðasta verkefnið í kaflanum):

**Hvers vegna er eitt n í þf. sérnafnsins Muninn (þf. Munin) en tvö n í þolfalli orðsins munurinn (þf. muninn).**

Svar: Fyrra orðið (nafn á hrafni Óðins) er karlkynsorð sem endar á -inn og hefur því eitt n í þolfalli. Seinna orðið er þarna með greini, og greinirinn í kk.et.þf. er með tveimur n-um: *munurinn* um *muninn* (sbr. *hinn* um *hinn*: hinn mikla mun).

Reynum að fá nemendur til að beita algengum málfræðihugtökum í umræðu um tunguna. Það tekst ekki með venjulegum eyðufyllingarverkefnum; það tekst ekki fyrr en kennarinn fer að stjórna umræðu um málið með stuttum hugarþrautum!

### 3.16 Lýsingarorð sem enda á -an og -in(n)

Það á að vera hægt að sannfæra nemendur um að þetta sé skemmtilegur kafli! Kennarinn skrifar á töfluna í upphafi tíma:

Ég sá *ungan ungann*.

Rökstyðjið það að þetta sé rétt stafsett. (Svar: ungan er lo. sem endar á -an; ungann er no.m.gr. í kk.et.þf (sbr. *hinn, minn*).

Hann var sprækur og hress fram í *rauðan dauðann* (*rauðan*: lo. sem endar á -an; *dauðann*: no.m.gr. í kk.et.þf.).

Setningin *Gylfi skaut í slána* er erfið vegna þess að margir segja *slánna*. En hér ætti að segja (og skrifa) *slána* af því að þetta er þf.et.: Hann skaut í *hina* hvítu slá.

### 3.17 Beinagrind Ríkharrs þriðja

Enn er um að ræða upplestur. Líka skal minnt á stuttar æfingar þar sem tekinn væri venjulegur texti úr fréttamiðli sem síðan kæmi upp á tjald. Það er ótrúlegt hvað jafnvel algeng orð úr fjölmiðlum flækjast fyrir nemendum.

Svo mætti benda nemendum á stafsetningarvillur í fjölmiðlum og láta þá leiðrétta með rökstuðningi (orðið *mánaðamót* sést t.d. mjög oft rangt skrifað).

### 3.18 Halli á viðskiptajöfnuði

Kannski má halda því fram að þessi fyrirsögn sé fremur órökleg! Spurning hvort orða mætti betur.

Í sambandi við *Athugasemd I* má taka fram að orðið *jafnvel* getur haft tvönn konar merkingu:

Hann kemur *jafnvel* ekki fyrr en á næsta ári.

Þetta gengur ekki *jafnvel* og í fyrra.

Í seinna dæminu mætti segja þetta í tveimur orðum: *jafn vel* (=eins vel), og það væri kannski öruggast til að taka af allan vafa.

Það hefur færst mjög í aukana að menn segi *mikið af fólki/ mikið af bílum*. Óneitanlega er fallegra að segja *margt fólk/ margir bílar*.

Í sambandi við síðustu spurninguna mætti spyrja: Hvernig er drottinn með greini í kk.et.nf.? (Svar: *drottinninn!*).

### 3.19 Um je, é og e

Hér mætti enn minna á að stafurinn *é* stendur fyrir hljóð sem hefst á samhljóðinu *j*. *É* verður því t.d. að stuðla við *j!*:

Ég er eins og jólasveinn  
ég er í hreppsnefndinni.

Ég á heima í Jökuldal  
við jökulsána köldu.

Seinna verkefnið tengist *málfræðilegu kyni* og *líffræðilegu kyni*. Oft er líffræðilega kynið látið koma fram í fornafninu þótt málfræðilegt kyn nafnorðsins sé annað, enda hljómar það oft betur þannig. Hvort finnst okkur t.d. hljóma betur:

Hetjan [Gunnar] lá í rúmi sínu og greip til vopna áður en hún reis upp.  
Hetjan [Gunnar] lá í rúmi sínu og greip til vopna áður en hann reis upp.

## 4. Lýsingarorð

### 4.1 Að þekkja lýsingarorð

Kennari kemur á óvart: Lýsingarorð er ekki lýsingarorð! (Það er nefnilega nafnorð!)

Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur rýnir í orð á heimur.is. „Orð hafa ýmsa eiginleika,“ segir Benedikt og heldur áfram: „Sum orð geta til dæmis lýst sjálfum sér. Orðið *stutt* er stutt. Önnur gera það ekki. *Langt* er ekki langt orð. Orðið *fótboltavöllur* er auðvitað ekki fótboltavöllur. *Orð* er hins vegar orð og *nafnorð* er nafnorð. *Lýsingarorð* er ekki lýsingarorð og *sögn* er ekki sögn. Orðið *íslenskt* er íslenskt.“

Svona vangaveltur eru mikilvægar.

Neðst í 4.1 er minnst á lýsingarhátt nútíðar í hlutverki lýsingarorðs. Þetta má orða þannig að lýsingarhættir (bæði lh.þt. og lh.nt.) breytast stundum í lýsingarorð. Við sjáum þetta m.a. á því, að við orðin má þá bæta forskeytum sem tengjast lýsingarorðum en ekki sögnum, sbr. sí- í þessu tilviki (við bætum ekki sí- framan við sögnina *starfa*, segjum ekki „sístarfa“; við segjum hins vegar „sígrænn“!).

Einnig má taka dæmi af lh.þt. Ef við segjum „brúuð á“ þá er „brúuð“ lýsingarorð (sbr. *óbrúuð á*, en sögnin *óbrúa* er hins vegar ótæk). En ef við segjum „áin hefur verið *brúuð*“, þá er *brúuð* lh.þt. af sögninni *brúa*.

Þá er sjálfsagt að minna hér á að oft hafa myndast nafnorð af lýsingarhætti nútíðar. Þá má bæta greini við orðið: nemandi-*nn*, verjandi-*nn* o.s.frv.

Þá má minna á að af lýsingarorðum eru oft mynduð nafnorð, sbr. hestanöfnin Rauður og Brúnn.



## 4.2 Stigbreyting

Eins og sést á listanum er mikil „breidd“ í stigbreytingu lýsingarorða. Stundum eru miðstig og efsta stig af öðrum stofni en frumstigið, sbr. slæmur – verri – verstur; illur – verri – verstur; góður – betri – bestur; gamall – eldri – elstur.

## 4.3 Kyn

Í sambandi við kyn lýsingarorða má minna á að við vissar aðstæður er beygingarmynd í kvenkyni og hvorugkyni sú sama. Þetta getur ruglað nemandann, t.d. ef spurt er hvert sé kynið á lýsingarorðinu „góð“ í *góð skæri*. (Svar: Hvorugkyn.)

## 4.4 Tala lýsingarorða

Óþarft er að staldra lengi við þenna kafla. Lýsingarorðin laga sig einfaldlega að tölu þess nafnorðs sem þau eiga við, rétt eins og þau laga sig að kyni þess og föllum:

Góð skæri, þröngar buxur, þægt barn, þæg börn, þægir drengir, þægar stúlkur.

## 4.5 Fallbeyging lýsingarorða

Til að styrkja hugtökin í sessi er sígilt að spyrja um tiltekin föll orða sem eru sambeygd (lo + no). Dæmi: Hvernig eru orðin *vitur kona* og *forn regla* í ef.ft.? (Svar: viturra kvenna/ fornra reglna.). En hvernig er *góða drottningin* í ef.et.? (Svar: góðu drottningarinnar.)

## 4.6 Sterk og veik beyging lýsingarorða

Benda má á að lýsingarorð sem enda á -a (andvaka, gjafvaxta, ráðþrota o.s.frv.) eru óbeygjanleg, þ.e. þau enda á -a í öllum beygingarmyndum. Lýsingarorðin *hugsi* og *þurfi* enda alltaf á -i. Þessi orð hafa því veika beygingu hvernig sem á stendur, þ.e. hvort sem nafnorðin sem þau standa með eru með greini eða ekki: Ég sá tvö *andvaka* skáld; þetta eru *handlama* fótoltamennirnir sem ég var að tala um.

Einnig má geta þess að sum lýsingarorð hafa enga veika beygingu, t.d. *miður*, *nógur*.

## 4.7 Finndu orðin

Með þessu mætti skemmta í byrjun tíma:

Frægur svissneskur blaðamaður, Constantin Seibt, sagði þetta um lýsingarorð: Notið lýsingarorðin sparlega; segið t.d. ekki *glampandi sól*, heldur *sól*; ekki hinn *dimmi* næturskógur, heldur *næturskógur*; og alls ekki *ný nýjung*; og óþarfi er að segja: hið *leiðinlega*

nýársávarp af því að öll nýársávörp eru leiðinleg. Svo bætir hann við: En lýsingarorð eru stórkostleg ef þau eru í andstöðu við nafnorðið sem þau standa með: *illskulegt* bros. Svipað á við um atviksorð: *Hún sagði kaldranalega*: „*Góðan daginn, ástin mín.*“ Eða: „*Þú, tíkarsonur,*“ *sagði hún vingjarnlega.*

#### 4.8 Úr nafnorðum í lýsingarorð

Hér má benda á orðið *andvaka*: Það getur verið væði nafnorð og lýsingarorð: *andvaka-n* (no) var löng/ skáldið lá *andvaka* (lo). Hér er auðvitað best að nota greininn sem viðmið: ef orðið tekur greini er það nafnorð.

#### 4.9 Staða lýsingarorða

Í athugasemdinni í 6. línu kaflans er talað um *sagnfyllingu*; þetta er hugtak úr setningafræðinni. Skýrara hefði verið fyrir nemendur ef sagt hefði verið: ef lýsingarorð kemur á eftir sögnunum *vera* eða *verða*, þá lagar það sig í kyni og tölu að nafnorðinu (eða fornafninu) fremst í setningunni og telst því hliðstætt: *Maðurinn er góður*; stúlkan er södd; þær eru saddar.

Annars er *sagnfylling* mjög hagnýtt hugtak í málumræðunni, sjá *Hugtakaskýringar skólavefsins*.

Málið snýst semsagt um það að sannfæra nemandann um að lýsingarorð getur verið hliðstætt þótt það standi ekki við hlið nafnorðsins (eða fornafnsins) sem það á við: *Maðurinn er góður* (hliðstætt); *stúlkan er dugleg* (hliðstætt); *stúlkurnar eru duglegar* (hliðstætt).

Dæmi um sérstæð lýsingarorð má sjá í 28. Passíusálmi, 7. braglínu:

Viltu þig þvo, þá þvo þú hreint  
þel hjartans bæði ljóst og leynt.  
Ein laug er þar til eðlisgóð:  
iðrunartár og Jesú blóð.  
Grát þína synd, en set þitt traust  
á sonar Guðs þínu efalaust.  
Lát af illu en elska gott.  
Allan varastu hræsnisþvott.

#### 4.10 Notkun lýsingarorða

Hér reynir á að velja það sem við á. Það eiga t.d. önnur lýsingarorð við fjall en sjó. Sjórinn er *úfinn* en fjallið er *bratt*. Stundum nýtist sama lýsingarorðið við bæði fyrirbærin: *blár* sjór, *blátt* fjall. Hafið, bláa hafið.../Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla.

Skáldin beita oft lýsingarorðum af hugkvæmni, sbr. samsettu lýsingarorðin *seiðblár*, *húmdökkur*, *dimmmjúkur* og *vetrarlangur* úr kvæðunum *Ódysseifur hinn nýi* og *Bikarinn* eftir Jóhann Sigurjónsson.

Mætti ekki láta nemendur „búa til“ nokkur lýsingarorð í anda Jóhanns Sigurjónssonar?

#### 4.11 Eyðufylling

Í annarri eyðu gæti legið beinast við að setja atviksorð, t.d. (gekk) *hratt*, *hægt*, *rösklega* (eftir veginum). En lýsingarorð skal það vera: t.d. *álútur*.

Í þriðju síðustu eyðunni þarf að gæta að því sama. Legið gæti beint við að setja atviksorð: *fallega* (útskorinn boga). En lýsingarorð skal það vera: *fallegan* (útskorinn boga).

#### 4.12 Kyn, tala, fall (1)

Svona æfingar eru ekki skemmtilegar en kannski nauðsynlegar stundum til að festa hugtök í sessi. Höfum í huga það sem áður er sagt: að við greinum lýsingarorðin hliðstæð þegar þau eru sagnfyllingar (þ.e. þegar þau standa á eftir sögnunum *vera* og *verða* og laga sig að nafnorðinu á undan).

#### 4.13 Kyn, tala, fall (2)

Hér gildir það sama og sagt var í 4.12. Í setningunni: *Virtist mér gróðurinn svo fjölbreyttur verður fjölbreyttur* að teljast hliðstætt lo; það lagar sig í beygingu að no *gróðurinn*.

#### 4.14 Lýsingarorð eða atviksorð?

Í kaflanum er getið um „hættusæðin“ í sambandi við spurninguna: *atviksorð eða lýsingarorð?* Lýsingarorð í hvorugkyni getur litið út eins og atviksorð; sama er að segja um lýsingarorð sem endar á *-lega*.

Gaman væri að geta kennt þetta í eitt skipti fyrir öll. Ef um atviksorð er að ræða er þetta spurning um *hvernig* eitthvað er gert. *Hún ók hægt (ao)*. Þetta er spurning um það *hvernig* hún hefur ekið (þ.e.: verið er að lýsa því nánar sem sögnin greinir frá). En: *Hún fékk hægt (lo) andlát*. Hér er verið að lýsa nafnorðinu, ekki sögninni. Enda breytist lýsingarorðið ef nafnorðið breytist: *Hún fékk hægán (lo) dauða*.

Aftur mætti taka dæmið um útskorna bogann: Hafði maðurinn *fallega* (ao) útskorinn boga eða hafði hann *fallegan* (lo) útskorinn boga í hendi? Með öðrum orðum: var búið að skera hann *fallega* (ao) út eða var hann *fallegur* (lo)?

Skemmtilegt er verkefnið neðst á síðunni. Ef átt er við það *hvernig* konan söng, þá er orðið *fallega* atviksorð; konan söng m.ö.o. *fallega* (vel). En ef átt er við að lagið sé fallegt, þá er *fallega* lýsingarorð. Enda breytist það ef nafnorðið breytist: Hún söng melódíuna *fallegu*. (Orðaröðin er að vísu ekki venjuleg.)

## 5. Ritun og textarýni

### 5.1 Viðlíkingar

Sjálfsgagt er að gefa þessum kafla góðan tíma. Byrja má á að fá nemendur til að benda á algengar viðlíkingar úr mæltu máli. Þrengja mætti efnið og taka einungis fyrir viðlíkingar sem tengdar eru dýrum.

Hann stóð þarna eins og hani (greinilega montinn)

Hann er syndur sem selur

þær gláptu á mig eins og naut á nývirki

Hann er eins og belja á svelli

Hann er ljúfur sem lamb

Hann var eins og lúbarinn hundur

Í fyrstu æfingunni sést að tvær fyrri setningarnar lýsa neikvæðu viðhorfi mælandans. Síðasta setningin lýsir jákvæðri hugsun í garð mastranna.

Fyrsta setningin er án málalenginga, stutturð og gagnorð (í rauninni er þetta myndhverfing: möstrin eru lýti á landslaginu).

Í seinni tveimur málsgreinunum eru viðlíkingar; þær eru skáldlegar og lýsa fjörlegu hugmyndaflugi.

Á blaðsíðu 101 er gott dæmi um *beina mynd* í fyrstu setningunni (Áin rann í ótal bugðum eftir dalnum). Hér er einungis brugðið upp mynd af því sem fyrir augu ber, engar líkingar né skáldleg tilþrif.

Síðan fylgja tvær viðlíkingar, önnur fremur hrollvekjandi, en hin gæti átt heima í rómantískri skáldsögu.

Í neðri æfingunni á bls. 101 reynir á nemandann að búa til eftirminnilega líkingu, hugsanlega fleiri en eina. Sama er að segja um æfingarnar á bls. 102. Gott væri að hafa bæði neikvæðar og jákvæðar viðlíkingar.

## 5.2 Ritunaræfing – Benjamín dúfa

Hér er komið að dálitlum ritunaræfingum. Hvetja þarf nemendur til að nýta allt rýmið sem í boði er og reyna jafnframt að gera textann læsilegan. Í því sambandi þyrfti að minna á grundvallaratriði eins og punkta: að setja punkta á viðeigandi staði, hafa málsgreinar ekki of langar, láta þær ekki renna út í sandinn. Oft er gott að láta styttri og lengri málsgreinar skiptast á, svipað og Friðrik gerir sjálfur í upphafi sögunnar.

Þekkja nemendur bókina og bíómyndina?

## 5.3 Sjónarhorn

Gaman getur verið að velta fyrir sér sjónarhorni í frásögn eða ljóði. Höfum í huga að enda þótt saga sé sögð í 1. persónu, þarf það alls ekki að þýða að hún tengist höfundinum, þ.e. að „ég „ sögunnar sé sjálfur höfundurinn. Þess vegna er gott að tala um „sögumann“ í verkinu en ekki „höfund“ (og „(ljóð)mælandann“ í kvæðinu en ekki „skáldið“).

Á sama hátt getur saga í 3. persónu tengst höfundi sterkum böndum, þ.e. að höfundur kann oft að tjá eigin reynslu þótt hann styðjist við 3. persónu frásögn.

Þá má minna á að vel má ímynda sér að þeir sem beita 2. persónu frásögn séu stundum að tala við sjálfa sig: „Sjá, innan stundar sefur þú rótt.“ Kannski er skáldið (eða eigum við að segja ljóðmælandinn?) hér að tala við sjálf sig.

Velta má fyrir sér hvers vegna höfundar beita gjarnan 1. persónu frásögn fremur en 3. persónu frásögn. Hvað vinnst með því? (Og hvað tapast hugsanlega?). Segja má að frásögnin færir nær lesandanum þegar einhver „ég“ segir frá. Kannski verður frásögnin líka huglægari og gildishlaðari en ef um 3.p. frásögn væri að ræða – með þeim kostum og göllum sem slíku fylgja.

Spurningunni efst á bls. 106 er sennilega best að svara með því að segja að þannig séu sögur yfirleitt ekki sagðar. Það væri óþægilegt fyrir sögumann að vera alltaf að ávarpa hlustanda eða lesanda eða láta eins og hlustandinn væri aðalpersóna sögunnar. Þetta er öðruvísi í ljóðum þar sem sjaldnast er um eiginlega frásögn að ræða, heldur almennar vangaveltur (Vinnirðu einn, þá taparðu hinum).

## 5.4 Persónugerving

Nemendur eiga auðvelt með að greina persónugervingu. Fáum nemendur til að nefna dæmi: Lækirnir hjala, hoppa og skoppa. Engey brosir á móti Reykvíkingum. Esjan ofanlút er að lesa bænir. Dalurinn opnar faðm sinn á móti mér.

Í kvæðinu *Ég bið að heilsa* úir og grúir af persónugervingum.

Neðst á bls. 108 er hamingjan persónugerð og látin vera með sunnlenskan framburð. Sjálfur segist Steinn hafa verið með vestfirskan framburð. Það mætti nota þetta atriði til að benda á að oft hefur þeim sem hafa annan framburð en fjöldinn verið strítt. Með vestfirska framburðinum á Steinn væntanlega við orð eins og *langur gangur fyrir lánkur gángur*.

## 5.5 Andstæður

Þetta er eitt þeirra stílbragða sem menn beita sí og æ og sennilega oft án þess að hugsa út í það: hægri – vinstri/ uppi – niðri. En þetta getur verið afar áhrifamikið stílbragð eins og best sést á því hvað það er áberandi í sögum sem börn heillast af (ævintýri/ þjóðsögur o.s.frv.), sjá líka erindið á bls. 110 eftir Örn Arnarson.

Hér kæmi til greina að láta nemendur skrifa 10 línur þar sem andstæðum er beitt eins oft og frekast er unnt.

## 5.6 Hliðstæður

Sumir misskilja orðið *reifur* í orðasambandinu *gláður og reifur* (reifur = kátur, léttur í lund). Þetta orðasamband er því dæmi um hliðstæður (ekki andstæður; það er enginn reiður!).

## 5.7 Gæsalappir

Reynslan sýnir að menn eru afar ónákvæmir í greinarmerkjasetningu yfirleitt. Um gæsalappirnar má segja að mjög algengt er að staðsetning þeirra sé ónákvæm. Minnum á að komma, punktur eða spurningarmerki koma á undan seinni gæsalöppunum: „Gott kvöld,“ sagði Sigga. „Hvar áttu heima?“ spurði Dísá.

Minnumst þess líka að spurningarmerki getur komið í staðinn fyrir punkt eða kommu. Í seinna dæminu hér á undan kemur spurningarmerkið í stað kommu (alls ekki má hafa kommu með spurningarmerkinu).

Ath. Gleymum ekki að ef hluti málsgreinar er innan gæsalappa, t.d. bara eitt eða tvö orð í lok málsgreinarinnar, þá kemur punkturinn á eftir gæsalöppunum: *Ég furða mig á þessum eilífu „próblemmum“ og „nonsesum“*.

## 5.8 Bein ræða/ óbein ræða

Æfingin á bls. 112 er mikilvæg til að festa gæsalappir og spurningarmerki í sessi. Vert er að fara mjög nákvæmlega í æfinguna með nemendum til að vera viss um að þeir hafi meðtekið „fagnaðarerindið“. Meðal annars fá nemendur hér tækifæri til að nota tvípunkt (og muna þá um leið að semikomma og tvípunktur er ekki það sama).

Hér skal fullyrt að kennsla í greinarmerkjasetningu hefur í aðalatriðum mistekist í grunnskólum landsins.

### 5.9. Ritunaræfing – Tevatnið

Í miðverkefninu á bls. 113 er enn einu sinni hamrað á greinarmerkjasetningunni. Verum nákvæm hér í yfirferð með nemendum. Best er að bregða texta upp á tjald.

Svo þyrfti að minna á að þessi smásaga er úr bókinni sem Gyrðir fékk Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir (*Milli trjanna*). Kæmi til greina að lesa hana fyrir hópinn eða fá einn eða fleiri nemendur til þess?

### 5.10 Ritunaræfing – Rokland

Þetta er æfing í hugtakanotkun og örlítið um það hvernig rýna má í upphaf bókar til að gera sér í hugarlund það sem maður gæti átt í vændum. Síðan (á bls. 116) fylgir ritunaræfing þar sem ætlast er til að nemandinn skrifi í anda Hallgríms.

Enn á ný bendum við á að ekki er hægt að ætlast til að kennari lesi nema brot af því sem nemandinn skrifar. En hann getur lagt línurnar með því að segja: Látið koma fram beina ræðu þar sem talsmáti Bödda nýtur sín; beitið einnig andstæðum og hliðstæðum í texta ykkar.

### 5.11 Ritunaræfing – Afleggjarinn

Hér er tilvalið að minna á að sögumaður og höfundur eru ekki eitt og hið sama. Það er alveg augljóst í þessu tilviki því að „ég“ sögunnar er karlmaður en höfundur sögunnar er kona!

Enn er gert ráð fyrir að nemandinn skrifi samfelldan texta í anda upphafsins. Reynum að fá hann til að gera þetta af samviskusemi. Dýrmæt þjálfun sem gæti leitt til mikilvægrar umræðu um texta.

## 6. Allrahanda II

### 6.1 Orðaleit – Íslenskir fuglar

Þessari æfingu mætti fylgja eftir með umræðu um fugla: Þekkja nemendur íslenska fugla? Væri hægt að bregða upp myndum af þeim fuglum sem birtast í textanum?

Sögur af fuglum eru sívinsælar. Benda má t.d. á eftirfarandi sögu um hrafninn úr safni Jóns Árnasonar sem hugsanlega mætti gera sér mat úr:

## SKÍÐASTAÐIR

Skíðastaðir hefur bær heitið. Hann var næsti bær fyrir sunnan Öxl, undir Vatnsdalsfjalli vestanverðu í Húnavatnssýslu, því bæði var það að Hnausar munu ekki hafa verið byggðir í það mund sem Skíðastaðir voru byggðir með því nafni enda standa Hnausar spölkorn frá fjallinu fyrir vestan það.

Á Skíðastöðum bjó í fornöld flugríkur bóndi. Hann hafði mörg hjú og hélt þeim fast að vinnu vetur og sumar. Hann átti mikið engi og gott og lá það þar sem nú er Vatnsdalsflóð í útsuður frá bænum.

Svo gekk bóndi hart að hjúum sínum með vinnu á sumrum að hann lét aldrei nokkra griðkonu vera heima til eldhússtarfa, svo það var skylduskattur þeirra að hafa alla stórelða, sem hafa þurfti alla vikuna, á helgum dögum, og leyfði þeim hvorki að sækja tíðir né sinna lestrum.

Einn sunnudag árla sást af bæjum að vestanverðu í Þinginu og í Vatnsdal utarlega að maður í hvítum klæðum gekk norður eftir Vatnsdalsfjalli. Hann hafði sprota í hendi og nam staðar upp undan Skíðastöðum og laust þar sprotanum á fjallið. En jafnskjótt spratt þar upp afar stór skriða úr fjallinu og varð æ stærri því lengra sem hún veltist ofan eftir og féll hún yfir allan bæinn á Skíðastöðum svo ekkert mannsbarn komst með lífi undan nema ein stúlka.

Þessi stúlka hafði verið lengi á Skíðastöðum þó henni þætti þar ekki góður bæjarbragur en einkum guðleysi bónda. Var hún æði góðlynd og viljug til allra verka, því hafði hún hylli húsbænda sinna og samlagsþjóna. Hún hafði og oftast orðið fyrir því að vera í eldhúsinu á helgum en ekki hafði hún átt neinni þóknun annarri að mæta fyrir það en að hún mátti þá ráða skófnapottinum.

Veturinn áður en skriðan féll á bæinn hafði verið mjög harður svo þá féllu bæði menn og fénaður af hungri almennt. Skíðastaðabóndi skarst undan öllu liðsinni við sveitunga sína, er á hann skoruðu fyrir sjálfa sig eða fénað sinn, og rak margan nauðleitamann burtu með harðri hendi án þess að buga neinu góðu að nokkrum þeirra.

Ekki voru heldur veitingar svo miklar við heimilisfólk á Skíðastöðum, þó nóg væri til, að það væri aflögufært. En þó gekk stúlka þessi mjög nærri sér til að geta hyglað þeim sem þar komu aumastir og varði hún til þess bæði af mat sínum og skófum þeim sem til féllu.

Þennan sama vetur svarf svo að flestum skepnum sem úti áttu að vera að þær lágu dauðar hrönnum saman því það var lengi að ekki fékk tittlingur í nefi sínu. Flokkuðust þá sem oftast er svo ber undir hrafnar mjög heim að bæjum og höfðu það eitt til viðurlífis er þeir tíndu úr ýmsu sorpi er út var snarað.

Stúlka þessi hin sama gjörði sér far um að snara sem mestu hún gat út úr eldhúsinu því hún var svo brjóstgóð að hún vildi og gjarnan geta treint lífið í hröfnunum ef hún mætti.



Þetta tókst henni líka og varð einn hrafnninn af því svo elskur að henni að hann elti hana nálega hvar sem hún fór utan bæjar og um vorið og sumarið eftir kom hann snemma á hverjum morgni heim að Skíðastöðum til að fá sér árbita hjá stúlkunni því hún geymdi honum ávallt eitthvað og henti hið mesta gaman að honum.

Þennan sunnudagsmorgun sem fyrr var frá sagt hafði stúlka þessi farið mjög snemma á fætur og eldað graut og var hún að keppast við að vera búin að skafa pottinn áður en krummi kæmi til að geta gefið honum skófirnar. Þetta tókst og því þegar hún heyrði til krumma úti var hún að ljúka við pottinn.

Hún gengur út með skófirnar í ausu og setur á hlaðið þar sem hún var vön að gefa honum en hann vappar í kringum ausuna og flýgur spottakorn út á túnið. Stúlkan fer á eftir honum með ausuna, en allt fer á sömu leið. Hann vill ekki þiggja af henni skófirnar og flýgur spotta og spotta og sest niður á milli en stúlkan fylgir alltaf og veit ekki hvernig þessu viku við.

Gengur þessi eltingaleikur þangað til krummi er búinn að teygja hana með þessu móti á eftir sér langt suður fyrir tún og stúlkan var farin að hugsa um að ganga ekki lengur eftir honum. En í sama bili heyrir hún drunur í fjallinu undan skriðunni og vatnsflóðinu sem henni fylgdi og sér að hún er komin yfir bæinn. Lofar hún þá guð fyrir lausn sína sem hefði sent sér hrafnninn til frelsis.

## 6.2 Töflulestur

Aðalnámskrá kveður á um þjálfun í að lesa út úr hvers kyns upplýsingum sem á borð eru bornar í samfélagi nútímans. Mælt er með að kennarar grípi fleiri töflur og súlurit sem ber fyrir augu í fjölmiðlum daglega (t.d. um atvinnumál) og láti nemendur vinna úr slíku. Þetta gæti aukið áhuga þeirra á því sem er að gerast í kringum þá og tengist þá jafnframt greinum eins og samfélagsfræði og stærðfræði. Í þessu tilviki er um að ræða mikilvægan atvinnuveg.

Mælt er með að rætt verði um það hvaða hugmyndir nemendur hafi um fiskvinnslu og mikilvægi hennar fyrir þjóðarbúið.

## 6.3 Frjálslegar orðskýringar

Leiki af þessu tagi mætti útfæra með því að fá nemendum það verkefni að búa til samsvarandi lista.

Skáldin nota gjarnan svipað tækni enda tengist hún fjörugu ímyndunarafli. Jón Kalman talar t.d. um *snjókomu* sem „harm englanna“.

## 6.4 Bókaskápurinn – Íslendingasögur

Kannski ekki það skemmtilegasta sem nendur gera. En afar hagnýtt! Í leiðinni fræðast menn líka. Hér sjá nemendur t.d. að *saga* er alltaf haft sem sérstakt orð enda er mun fallegra og röklegra að skrifa t.d. Þórðar saga hreðu en Þórðarsaga hreðu. (Íslendingasögur skrifum við reyndar í einu orði; hitt er stundum gert og er viðurkennt einnig.)

Hér sakar auðvitað ekki að geta þess að við þessa iðju festa nemendur í minni nokkrar af okkar frægustu sögum. Sumar þeirra hafa þeir hugsanlega þegar lesið; aðrar eiga eftir að verða hluti námsefnis þeirra – og sumar munu þeir kannski aldrei lesa, því miður!

Hér skal mælt sérstaklega með *Króka-Refs sögu* sem Skólavefurinn býður upp á í rafrænni útgáfu með skýringum og ítarefni. Sagan er stutt og bráðskemmtileg og gæti hentað mjög vel til lestrar í 8. eða 9. bekk.

Hvað merkja viðurnefnin? *Hreða* merkir ófriður; *rammur* = sterkur; *djúpúðugur* = vitur, djúpvitur o.s.frv.

## 6.5 Ritun – Íslandssaga / 11. öld

Í þessum kafla er hvatt til ritunar þar sem efnið er gefið upp. Þetta snýst um að raða þessu skynsamlega upp og láta „flæða“ vel. Mælt er með að greinaskil séu sett þar sem þurfa þykir en þó þannig að efnisgreinar tengist á einhvern hátt: Þá er þess að geta... / Einnig skal nefnt... o.s.frv. Mælt er með að lína sé dregin inn við greinaskil.

Enn skal ítrekað að ekki er hægt að ætlast til að kennari fari yfir allt. Mælt er með að hann taki bara „stikkprufur“ í tímunum og bendi á eitt afmarkað atriði hjá hverjum nemanda.

## 6.6 Orðmyndun

Eitt af því sem gott er að benda nemendum á er að það er alltaf seinni (síðasti) liður orðsins sem ákvarðar orðflokkinn (*myndrænn* (lo); *blóðrauður* (lo); *Grænaborg* (no)).

Það er skemmtilegt viðfangsefni að búa til samsett orð. Skáldin reyna stöðugt að finna ný orð til að skreyta verk sín með: *yndisarður*; *sumardalur*; *dauðarósir*; *sálargluggi*; *dimmmjúkur*; *hrungjarn*; *ginóður*.

## 6.7 Hvað er í sjónvarpinu?

Í lið 1 á að skrifa hugleiðingu sem ætlað er að vekja áhuga fólks. Í samanburði við lýsinguna efst á blaðinu þarf hugleiðingin því að vera líflegri, hugsanlega með gildishlöðnum lýsingarorðum í bland („stórmerkilegt“, „ólýsanlegt“ o.s.frv.).

Í þessu sambandi höfum við í huga að hlutlaus frásögn er eitt, auglýsing er annað.

Í lið 2 endurtekur sagan sig. Þar þarf að lífga upp á frásögnina og stytta hana um leið.

Í lýsingu á sjálfvöldum sjónvarpsþætti kæmi hlutlaus greinargerð til álita en einnig mætti lífga upp á hana með gildishlöðnum orðum.

## 6.8 Feimni maðurinn

Hér er dæmi um það hve stutt getur verið á milli réttis skilnings og misskilnings.

Allir þekkja þennan vanda: Maður ætlar að segja eitthvað jákvætt en það kemur út eins og andhverfa hins jákvæða. Væri hægt að fá nemendur til að benda á dæmi um þetta? (Þökkum innilega samúð og *aðstoð við dauða* mannsins míns og föður okkar.)

## 6.9 Myndritun

Hér þarf að hafa eitthvert kerfi á hlutunum. Byrja t.d. á aðalpersónunni og lýsa henni skipulega (andliti, greiðslu, klæðnaði stellingu; hvað segir það, sem við sjáum, um manninn og líðan hans þessa stundina?). Síðan mætti lýsa baksviðinu ef þurfa þykir og t.d. velta fyrir sér hlutverki mannsins í dyrunum.

Maðurinn í forgrunni myndar er leikarinn Errol Flynn sem nemendur gætu aflað sér nánari upplýsinga um.

## 6.10 Lesskilningur / Veðráttta og árferði á 18. og 19. öld

Hér er afar knöpp lýsing á árferði á 18. og 19. öld. Svona er stíll *annála* þar sem lýst er árferði og atvikum frá ári til árs. Við eigum afar merkilega annála frá fyrri öldum þar sem miklar upplýsingar koma fram um ástand lands og þjóðar. Mjög skemmtilegt getur verið að rýna í þessa annála. Það er t.d. góð stílæfing að taka annálsbrot og gæða það lífi með því að fylla út í frásögnina.

Dæmi úr annál frá 1774 (Annálar V: 78):

Dæmdur af lífi einn delinqvent úr Barðastrandarsýslu sem á fyrirfarandi ári hafði myrt einn 9 vetra dreng, hvað svoleiðis tilbar, að drengurinn var sendur eður lofað að fara með honum í skóg, en tók þar til við hann með ærslum, hafði skógarsniðil í hendinni og kutaði af rælni í fætur honum, hvar af maðurinn reiddist vitleysislega, tók drenginn og skar á háls, hljóp stundu síðar heim til bæja og sagði hverjum, sem heyra vildi, frá ólukku sinni. Áður hafði hann af engri illmennsku verið kynntur þangað til, en síðan var að sjá og merkja sem honum leiddist að lifa. Hann plagaði sjálfur að setja á sig fangajárnin í hvert sinn er þess þurfti, og bíður enn eftir kóngsins dómi um líf sitt.

Á bls. 133 gefst gott tækifæri til að raða atburðum í tímaröð þannig að tvær aldir standi hlið við hlið. Það gerir samanburðinn auðveldari en ella. Það skiptir máli að þetta sé gert af nokkurri nákvæmni.

### 6.11 Orðaforði / Fjölmíðlun, sjón- hljóðtækni

Á vef Háskóla Íslands er ógrynni svokallaðra íðorða skýrður. Þetta eru orð yfir hvers kyns nýjungar í handverki og tækni. Hér er dæmi um íslenska orðið spjaldtölva:

<http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search>

Úr orðasafninu *Upplýsingafræði*

[íslenska]                    **spjaldtölva** kv.

[sh.]                         spjalda kv.

[sh.]                         padda kv.

[**skýr.**] iPad er töflutölva hönnuð, þróuð og seld af Apple. Tækið er notað til að skoða stafrænar bækur (frá iBookstore), myndir og myndbönd, horfa á tónlist, vafra um á Internetinu og spila leiki.

[sænska]                    ipad

[enska]                      iPad

[**skýr.**] The iPad is a line of tablet computers designed, developed and marketed by Apple Inc., primarily as a platform for audio-visual media including books, periodicals, movies, music, games, and web content. The iPad was introduced on January 27, 2010 by Apple's then-CEO Steve Jobs. [

[norskt bókmál]            ipad

[þýska]                      iPad hk.

[danska]                    iPad

Til greina kæmi að láta nemendur skýra fleiri tækniorð. Mjög fróðlegt gæti t.d. verið að fletta enska heitinu upp á vef HÍ (<http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search>) og finna út hvert íslenska heitið sé.

Í verkefnunum á bls. 136 mætti notfæra sér vef Háskólans.

## 6.12 Vísur / Stökur

Mikilvægt og skemmtilegt verkefni. Í rauninni getur hver sem er leyst þetta ef hann gefur sér tíma. Þetta er líka fræðandi því að menn þurfa að geta bent á innrím í einni vísunna og velta fyrir sér stöðu ljóðstafa í öðrum. Í ljós kemur að alltaf þarf að vera stuðull í þriðja áhersluatkvæði í ójöfnu braglínunum. Þetta er grundvallarregla.

Enn og aftur skal minnt á mikilvægi þess að nemendur fái tilfinningu fyrir brag og geti jafnvel sett saman einfalda ferskeytlu, rétt kveðna.

Hér skal bent á merkilegan leik. Eftirfarandi vísu má lesa á tvo vegu, lárétt og lóðrétt. Aðeins þarf á einum stað að setja sviga utan um tvö n til að fá merkingu í neðstu línuna (sem er n.k. uppgjör, niðurstaða um eðli valds Davíðs).

Sigmundur	Davíð	drottinn	baldinn.
Davíð	stjórnar	bakvið	tjaldið
- drottinn	bakvið	bláa	faldinn
baldinn.	Tjaldið	faldi(nn)	valdið.

Eru nemendur sammála Stephani G. um að í skólum sé ofuráhersla lögð á minnið?

## 6.13 Málshættir

Þegar nemendur hafa unnið þetta verkefni væri við hæfi að láta þá semja sína eigin málshætti. Þrengja mætti efnið og láta málshætti einungis tengjast vináttunni eða einhverju öðru afmörkuðu málefni (mikilvægi bóka/ hófsemi/ heiðarleika o.s.frv.).

Dæmi um nýjan málshátt í bók Hallgríms Helgasonar, *Höfundur Íslands*:  
Dáið er allt á drauma (46).

Fleiri dæmi um málshætti:

Sjaldan þvær gömul kona gólf í einum rykk.

Oft stoppar strætó á Hlemmi.

Hvernig væri að hver nemandi safnaði 10 málsháttum (þar sem stuðlun kæmi fyrir) og sýndi kennaranum?

## 6.14 Leiðarlýsingar – Elliðavatn og Vatnsendi

Eru nemendur ratvísir? Eru þeir með áttirnar í kollinum? Vita þeir að á kortum er norðið jafnan upp?

Látum nemendur bekkjarins benda í norður, austur, vestur og suður.

Örnefnið *Myllulækur* verkur forvitni: Þarna hlýtur að hafa verið vatnsmylla. Hér látum við fylgja fróðleiksmola ú Þjóðminjasafninu um brauðgerð og myllur til forna:

Fyrir daga brauðgerðarhúsa á Íslandi og löngu eftir að þau komu til, voru hér víða á heimilum vatnsmyllur eða handkvarnir til að mala í korn. Á einokunartímanum var þó aðallega flutt inn malað korn, sem auðvitað var hættara við skemmdum, og því var lítið um kvarnir á 17. og 18. öld. Mun minna var um brauðmeti hér á landi en í nágrannalöndunum allt fram á 20. öld. Kom þar til, að landið er ekki til kornræktar fallið, en innflutt korn var dýrt. Þó hefur brauðgerð alltaf verið nokkur og á 20. öld tók hún stökkbreytingum, hvað varðar aðferðir, áhöld, hráefni og öll vinnuskilyrði.

Þó að kvenfólk hafi fremur stundað brauðgerð en karlar, má ætla að karlar hafi meira fengist við vatnsmyllurnar.

## 6.15 Ritun – Jón Trausti

Hér er sjálfsagt að benda nemendum á að Jón Trausti var um tíma vinsælasti skáldsagnahöfundur okkar. Sennilega er það kraftaverki líkast að hann hafi getað sigrast á erfiðleikum og fátækt og náð eins langt og raun ber vitni. Sumir nemendur hafa heyrt um verkin *Höllu*, *Heiðarbýlið* og *Önnu á Stóru Borg*. Síðastnefnda bókin er ein af kjörbókum Skólavefsins og er til með verkefnum og kennarahandbók. Sama er að segja um söguna *Sýður á keipum*, stórmerka sögu úr verbúðalífi á Snæfellsnesi.

Jón Trausti lést úr spönsku veikinni 1918.

Mælt er með að efninu sé skipt í þrjár efnisgreinar.

- 1) Fyrst kæmu upplýsingar um æsku og uppeldi.
- 2) Í næstu efnisgrein yrði sagt frá störfum og námi, allt þar til GM kemur heim frá útlöndum og kvænist.
- 3) Í síðustu efnisgreinininni yrði sagt frá tilraunum GM sem ljóðskálds; einnig frá útgáfu og viðtökum skáldsögunnar *Höllu*.

Án þennan hátt mundu efnisgreinar þjóna mikilvægu hlutverki þar sem tiltekin (og náskyld) efnisatriði væru afgreidd og síðan tæki annað við í eðlilegu „flæði“.

## 6.16 Hreppamaður / Rímauglýsingar

Hér bregður ritstjóri á leik. Hann virðist trúá á áhrifamátt rímaðra auglýsinga.

Verkefni nemenda er að rýna í vísurnar og draga fram mikilvægustu efnisatriðin.

Hvernig ætli því yrði tekið nú ef auglýst væri í bundnu máli? Reyndar er slíkt þekkt enn, t.d. í sungnum auglýsingum.

# 7. Fornöfn

## 7.1 Inngangur

ÁSA PÓET. Svona þarf að leika sér að málfræðinni. Kannski hefur Ása orðið skáld af því að hún hafði svo mikinn áhuga á fornöfnum.

## 7.2 Persónufornöfn

Hér mætti minna á stílfræðilegt atriði sem tengist persónufornöfnum í íslensku og ensku. Eftirfarandi tilvitnun er úr málfarspistli BH í Morgunblaðinu 22. febrúar 2014. Það er nefnilega þannig að í íslensku kemur persónufornafnið ekki á undan nafnorðinu sem það vísar til þótt slíkt sé algengt í ensku.

Heimir Pálsson og Höskuldur Þránínsson skrifuðu ágæta bók, *Um þýðingar*, fyrir mörgum árum. Þar ræða þeir m.a. um gildir sem þýðandinn þarf að varast. Á bls. 49 kalla þeir það „býsna algenga villu“ þegar þannig er þýtt úr ensku að fornafn kemur á undan nafni sem vísað er til, en slíkt þykir eðlilegt í ensku. Dæmi: „Þegar **hann** opnaði dyrnar sá **Smith** jólasvein.“ (Hér er *hann* sami maður og *Smith*.) Þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar ég las þýðingu á skáldsögu sem nú fer sigurför um heiminn: *Tígrisdýr í rauðu veðri* eftir Lisu Klausman (Bjartur 2013). Þýðingin er afar læsileg, en ég lét þetta trufla mig. Dæmi: „Þegar **hún** kom inn í setustofuvagninn með sveigðum barnum úr dökku timbri og lágum vínrauðum hægindastólum, fann **Nick** svitadropa safnast saman á milli brjóstanna“ (bls. 14; *hún* og *Nick* eru sama konan). Af nógu er að taka: „Þegar **hún** heyrði Ed fara niður stigann reif Daisy sig úr sumarkjólnum...“ (bls. 74; *hún* og *Daisy* eru sama konan).

Svo fór ég að lesa *Sæmd*, nýju bókina hans Guðmundar Andra. Það kom mér á óvart að rekast þar á sama stílatriði. Á fyrstu síðu stendur: „**Honum** finnst stundum eins og hann hafi komið þangað en þetta kalda og dimma desemberkvöld situr **Gröndal** við skrifborðið sitt í einkennilega húsinu sínu“ (sjá einnig bls. 158).

Og þá er komið að verðlaunabókinni *Mánasteini* eftir Sjón. Ég læt eitt dæmi nægja þaðan: „Og þótt fæst í dagblöðunum veki áhuga **hans** ... hafa fréttir síðustu daga af „spönsku veikinni“ virkað æsilega á **drenginn**“ (bls. 35; *hann* og *drengurinn* eru sami maðurinn).

Við segjum ekki lengur *vér um oss frá oss til vor*. En við lesum þetta í fornum textum. Reyndar var *vér* hin eiginlega fleirtala af *ég*; en *við* var einungis notað um *tvo*. Þannig að ef við rekumst á *við* í fornsögum þá er átt við *tvo*; *vér* var notað um fleiri en *tvo*.

Kvæðið á bls. 148 er napurt. Höfundurinn beitir þar háði eða íróníu. Óvæntur endirinn snýr öllu á hvolf. Þetta stílbragð hefur verið kallað rómantísk írónía og er ættað frá Heinrich Heine. Jónas Hallgrímsson nýtti sér stundum þetta stílbragð.

Í sambandi við æfinguna neðst á bls. 149 mætti spyrja. Hvað ef staðið hefði „Skáldið er eitt heima“? Hefðum við þá átt að segja: „Það langar að fara í bíó“? Eða ef staðið hefði „hetjan“ í staðinn fyrir „Jón“. Hefðum við þá átt að segja: „Hana langar í bíó“?

Þetta er álitamál. Oft hljómar betur að nota „náttúrulegt“ kyn fremur en málfræðilegt kyn fornafns í svona tilvikum.

Neðst á bls. 151 er leikur að orðum. Þetta eru góðar æfingar til að styrkja hugtakavitundina: Við (pfn) vorum við (fs) skemmuna að saga við (no).

### 7.3 Spurnarfornöfn

Það mætti nota þetta tækifæri til að ræða stafsetningu. Þeir sem ekki hafa hv-framburð bera hv- fram eins og kv-. Orðin *hver* og *kver* hafa þá sama kv-framburð: Hver á þetta kver? (ónákvæm þýðing: *Hot spring river this booklet?*). Árnesingar og Rangæingar gera margir skýran greinarmun á framburði þessara orða.

Þá er sjálfsagt að hamra dálítið á *hver* og *hvor* og athuga í leiðinni hvort nemendur geri skýran greinarmun á þessu tvennu. Nokkuð víst má telja að þeir geri það í eintölunni en ekki í fleirtölu. Nýtum okkur dæmin neðst á bls. 153 til að skýra þetta.

### 7.4 Eignarfornöfn

Í sambandi við æfinguna neðst á bls. 155: Gera nemendur glöggan greinarmun á *i* og *í* í framburði orðanna *míns* / *þíns* / *síns*? Þetta er bíll mannsins *míns* (ekki: *mins*).

Rétt er að minna á að eignarfall persónufornafna er gjarnan í hlutverki eignarfornafna: Húsið hans/ hennar/ þess. Hér er greinilega komin skýring á heiti fallsins (*eignar*-fall). Í orðflokkgreiningu eru þessi orð greind sem persónufornöfn eftir sem áður.

### 7.5 Ábendingarfornafn

Ábendingarfornöfn eru þægileg. Það er þó tvennt sem þarf að gæta að:

1) stafsetningin á ef.ft.: þessara (eitt - r-; ekkert r í stofni); aftur á móti: annarra (r í stofni!)



2) orðið *hinn* getur verið greinir (lausi greinirinn), sbr. æfinguna neðst á bls. 157.

Á miðri síðu 159 má ganga úr skugga um hvort um sé að ræða ábfn. eða pfn. með því að setja orðið í eintölu: þeir ágætu menn/ sá ágæti maður. Hér er augljóslega um ábfn. að ræða.

## 7.6 Afturbeygt fornafn

Vel mætti setja á töflu og segja: Greinið í orðflokka:

Hann **sér** ( ) hvernig maðurinn stendur einn **sér** ( ) og greiðir **sér** ( )

Hann **sér** (so) hvernig maðurinn stendur einn **sér** (ao) og greiðir **sér** (afturb.fn)

## 7.7. Óákveðin fornöfn

Sjálfsagt er að láta sem flesta læra vísuna; hún gerir ekki annað en að auka tilfinningu fyrir brag og festa óákveðnu fornöfnin í minni fyrir lífstíð.

Svo þarf að hamra aðeins á orðunum sem ekki komust fyrir vísunni.

Loks þarf að vekja sérstaka athygli á æfingunni efst á bls. 162. Það er gaman að sjá gleðisvipinn á nemendum þegar þeir hafa áttað sig á að *einn* og *einn*; *hvor* og *hvor*; *hver* og *hver* geta tilheyrt ólíkum flokkum.

# 8. Framburður og stafsetning

Mælt er með að kennari fari rólega yfir þessa kafla og noti dæmin þar eða hliðstæð dæmi. Mjög líklegt er að nemendur hafi eitthvað um þessi mál að segja, ekki síst ef þeir þekkja til mismundani framburðar eftir landshlutum. Þekkja þeir orðið mállýska?.

Verkefnin ættu að höfða til nemendanna og vekja jafnframt umræðu um muninn á framburði og stafsetningu.

Hér má benda á eitt atriði sem stundum gleymist. Þegar lesið er upphátt vill það farast fyrir hjá óvönnum lesurum að fella tiltekin hljóð brott. Menn lesa því: **sagði hann** í stað **sagðann**; **keypti hún** í stað **keyptún**.

Þegar kvæði eru lesin verða menn að gæta sérstaklega að þessu til að raska ekki hrynjandinni:

Fyrir sök þá ekkert erfði hann (frb.: erfðann),  
uppeldinu fyrirgerði hann (fyrirgerðann)

(Úr kvæðinu Jón hrak eftir Stephan G. Stephansson)